



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

3. september 2006 – 235. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR



Svartsýnar konur og kátir karlar

Konur eru talsvert svartsýnni en karlar á komandi efnahagsástand samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

KÖNNUN 18

Ef ég ætti óskastein...

Hvernig hafa hafrarnir skilið sig frá sauðnum í speglasal frægarinnar síðastliðinn áratug?

FÓLK 16

Í spilun á fjórum stöðvum

Frægðarsólf Nylon-flokkssins á Bretlandi ris enn hærra með nýju myndbandi.


FÓLK 38

Spiluðum frábærlega

Fyrirliði landsliðsins, Eiður Smári Guðjohnsen, var mjög ánaegður með leikim í gær.

ÍPRÓTTIR 31


VEÐRID Í DAG



VÆTA SYÐRA Í KVÖLD í dag verður norðaustan 3-10 m/s, hvassast austan Vatnajökuls og allra vestast. Lítillshattar súld með köflum norðan og austan til en pykknar smáum saman upp syðra með vætu í kvöld. Hiti 8-16 stig.

Íslendingar 18-49 ára

Meðallestur á tölublað



FRÁBÆR BYRJUN Á UNDANKEPPNI EM Íslenska landsliðið í knattspyrnu vann í gær frækinn 3-0 útisigur á Norður-írum í fyrsta leik sínum í undankeppni EM. Íslenska liðið lék besta leik sinn í langan tíma en mörkin skoruðu þeir Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Hermann Hreiðarsson og fyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen. Þetta var sautjánda landsliðsmark Eiðs Smára og jafnaði hann þar með markamet Ríkharðs Jónssonar. Sjá síðu 30

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Árangurslausum fjárnámum fækkar um helming

Hagstæð íbúðalán eru talin hafa átt stóran þátt í að árangurslausum fjárnámum hjá einstaklingum hefur fækkað um nær helming á síðustu misserum. Sextán þúsund manns eru á vanskilaskrá.

FJÁRMÁL Árangurslausum fjárnámum hjá einstaklingum hefur fækkað um nær helming frá fyrstu sjó mánuðum 2004 til og með fyrstu sjó mánuðum 2006, samkvæmt upplýsingum frá Björk Ólafsdóttur, fjármálastjóra Lánstrausta hf. Á fyrstu sjó mánuðum 2004 voru þau 7.300 talsins en 4.000 á sama tímabili bessa árs, sem er um 44 prósentum minna. Á sama tíma hefur fjöldi skráninga á vanskilaskrá fækkað hvað mest hjá fólki á aldrinum 36-40 ára, um tæpan helming.

„Leiða má getum að því að bessi þróun sé í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu,“ segir Björk. „Vanskilamálum einstaklinga fór að fækka hröðum skref-

um þegar nýju íbúðalánin fóru að koma inn. Það virðist sem fólk hafi hreinlega getað tekið til hjá sér.“

Þá koma til hagvöxtur í landinu og aukinn kaupmáttur og svo virðist sem fólk hafi haft meiri fjármuni handa á milli. Í stað þess að auka neysluna lítur út fyrir að fólk hafi notað tækifærð og gert sín mál upp og komið öllu í skil. En nú virðist vanskilamálum heldur vera að fjölgia aftur, en það er þó ekki um mikla breytingu að ræða, enn sem komið er.“

Fjöldi á vanskilaskrá hefur yfirleitt verið á bilinu 19-20 þúsund. Björk segir það ekki hafa gerst lengi að fjöldinn á vanskilaskrá farið niður fyrir 19 þús-

und, en fjöldi á vanskilaskrá sé nú rúmlega 16 þúsund.

„Í stað þess að auka neysluna lítur út fyrir að fólk hafi notað tækifærð og gert sín mál upp og komið öllu í skil.

BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR
FJÁRMÁLASTJÓRI LÁNSTRAUSTS

Spurð um bróunina hjá fyrirtækjum segir Björk að þau séu á svipuðu róli og áður. Dregið hafi

úr árangurslausum fjárnámum og gjaldþróutum en vanskil á fyrri stigum hafi aukist undanfarið.

„Þar getur skýringin verið sú að í góðæri eru stofnuð fleiri ný

fyrirtæki en þegar niðursveifla er. Ákvæðið hlutfall þeirra lendir í vanda, þar sem oft eru fleiri en eitt eða tvö í hverri atvinnugrein og ekki geta allir fengið sömu viðskiptin,“ segir Björk. „Það getur leitt til þess að áform standast ekki og fyrirtæki lenda í greiðsluvanda.“

Hún bætir við að líklegra sé að vanskil geti aukist á nýjan leik á næstu fjórum til sex mánuðum. Bankar hafi dregið úr útlánum, vextir hafi hækkað og verðbólga aukist.

Peir sem séu komnir í vanda fái ekki eins mikla fyrirgreiðslu og eigi þar með erfiðara með að halda málunum í lagi, bregðist eitthvað.

- jss



Robert, er búið að selj' ann?

„Helst vildi ég fá að berj' ann.“

Sjónvarpsmaðurinn Helgi Seljan hætti nýlega á NFS og fór yfir til RUV. Robert Marshall er framkvæmdalegur forstöðumáður NFS.



HALLORMSTAÐARSKÓGUR Þar mældist alaskaösp 23,1 metri.

Hæstu trúna yfir 20 metrar:

Hæsta trúna er á Klaustri

SKÓGRAEKT Hæsta trúna á Íslandi er sítkagreni sem vex á Kirkjubæjklaustri, en það mældist 23,7 metrar á hæð. Þetta kom fram í könnun skógræðinema við Landbúnaðarháskóla Íslands. Næstar að stærð voru alaskaspír í Hallormsstað og í Múlakoti í Fljótshlíð sem mældust 23,1 metri og 22,5 metrar.

Hæsta trúna af innlendum stofni reyndist vera í Vaglaskógi í Fnjóskadal.

- hs

Lítill drengur festist í brunni:

Var orðinn mjög hræddur

LÖGREGLA Löggreglan á Akranesi var kölluð út um hálf sex leytíð á föstudaginn til þess að losa fjölgurra ára dreng sem sat fastur í brunnoppi. Brunnurinn er á leikvelli í bænum en ekki er vitað hvers vegna hann var opinn.

Drengurinn var að leik á vellinum þegar hann datt ofan í bruninn og festist. Móðir drengsins óskaði eftir aðstoð löggreglu og var hún dágóða stund að losa barnið, sem eðlilega var orðið ansi óttaslegið.

- eð

LÖGREGLUFRETTIR

Bílvæta í Borgarfirði

Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni í Norðurárdal um sexleytið í gærmorgan með þeim afleiðingum að hann valt og endaði úti í Bjarnadalsá. Ökumaðurinn, sem var einn á ferð, slapp lítið meiddur en bíllinn er gjörónýtur.

Einn stútur

Löggreglan í Borgarnesi stöðvaði einn ökumann í fyrrinótt vegna gruns um ölvun við akstur og reyndist hann tölvert drukkinn.

Ekið á kindur

Ekið var á kind í Hvalfirði í gærmorgun með þeim afleiðingum að hún drapst. Önnur ær hlaut síðan sömu örlog á Holtavörðuheiði seinna um daginn.

Bónus borgar starfsmönnum sínum fyrir að finna nýja starfsmenn í verslanirnar:

Fá hundrað þúsund krónur fyrir að finna nýtt fólk

ATVINNA Bónus býður nú starfsfólkini sínu allt að hundrað þúsund krónur fyrir að finna nýja starfsmenn í verslanir fyrirtækisins. „Við borgum fimmtíu þúsund ef nýi starfsmáðurinn er ennþá í vinnu eftir þrjá mánuði og stoppi viðkomandi í sex mánuði bætum við öðrum fimmtíu þúsundum við,“ segir Svanur Valgeirsson, starfsmannastjóri Bónus.

Svanur segir að alls vanti tú til fimmtíð manns í verslanirnar í heild til þess að fullmannara þær.

„Þessa dagana eru allir að auglýsa eftir fólk og auðvitað er freistandi fyrir fyrirtæki sem vantar starfsmenn að bjóða nýju

fólk gull og græna skóga. Við viljum hins vegar frekar fara þessa leið og umbuna þeim starfsmönnum sem við eru með fyrir og eru tilbúnir að leggja sig fram við að hjálpa okkur að manna búðirnar.“

Petta er ekki í fyrsta skipti sem þessi leið er farin við að manna verslanirnar. „Við gerðum þetta líka í fyrra og þetta mælist vel fyrir þá og mælist vel fyrir nána.“

- eð



VERSLANIR BÓNUS Starfsfólk reynir nú að fá vini og vandamenn með sér í vinnuna.

Flugumferðarstjórar í huga biðlaunarétt

Flugumferðarstjórar eiga rétt á biðlaunum þegar starfsemi Flugmálastjórnar flyst til Flugstoða. Formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra segir marga íhuga að nota tækifærið og hætta störfum. Hann sé sjálfur að hugsa málið.

KJARAMÁL Fjöldi flugumferðarstjóra íhugar að fara á biðlaun og hætta störfum þegar rekstur flugleidsgjúþjónustu flyst frá Flugmálastjórn yfir til Flugstoða um áramótin.

Öllum flugumferðarstjórum hefur verið boðið starf hjá nýja fyrirtækinu. Ekki er víst að allir taki því vagna undanfarinna deilna um kjaramál flugumferðarstjóra. Í lögum um réttindaskyldur er ákvæði um að ef störf séu lögð niður hjá ríkinu eigi menn rétt á biðlaunum.

Samkvæmt Lofti Jóhannssyni, formanni Félags íslenskra flugumferðarstjóra, á um helmingur allra flugumferðarstjóra hjá Flugmálastjórn rétt á biðlaunum í hálft eða eitt ár. Munu þeir allir hugsa það vandlega hvort þeir noti tækifærið og hætti störfum. Loftur segist sjálfur íhuga alvarlega að taka ekki við starfi hjá nýja félaginu.

„Einhverjir munu fara á biðlaun þar sem það er skynsamlegasta ákvörðunin fyrir þá, meðal annars vegna aldurs. Svo er annað mál hvort einhverjir fara á biðlaun vegna kjaradeilna og ósættis. Ég veit að margir eru að hugsa um að nota tækifærið hreinlega og hætta því þeim líst ekki á framhaldíð,“ segir Loftur.

„Í nýja fyrirtækinu verða nákvæmlega sömu yfirmenn og hjá Flugmálastjórn. Ég er einn af þeim sem eiga biðlaunarétt og er alvarlega að hugsa um að nýta hann.“

Hann segir ekki marga þurfa að nýta sér biðlaunarétt til þess að Flugstoðir lendi í vandræðum með



FLUGUMFERÐARSTJÓRN Hætt er við að starfsemi Flugstoða hefjist á óstyrkum stoðum kjósi margin flugumferðarstjórar að nýta sér biðlaunarétt sinn. Upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar segir það mál verða skoðað ef til þess komi, en biðlaunaréttur starfsmanna sé í rannsókn.

skort á flugumferðarstjórum. „Ef svo fer að margin sjá þann kost bestan í stöðunni að fara á biðlaun og hætta störfum er hætt við að Flugstoðir hefji sína starfsemi á óstyrkum stoðum.“

Hjörðís Guðmundsdóttir, upp-

lysingafulltrúi hjá Flugmálastjórn, segir biðlaunarétt starfsmanna vera í skoðun. „Ef margin flugumferðarstjórar kjósa að nýta sér þennan rétt og hætta störfum verður bara að skoða það mál.“

salvar@frettabladid.is

Fundur Kofi Annan með Írónum í Teheran í gær:


Íranar aðstoði við vopnahlé

ÍRAN, AP Írónsk stjórnvöld lofuðu að aðstoða við að halda vopnahléiði á Líbanon, á fundi með Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, í Íran í gær. Ísraelar hafa lengi sagt Íranar selja Hizbollah vopn, en með vopnahléinu er búið að banna sölu á vopnum til samtakanna.

Jafnframt ítrekuðu íranskir stjórnálamenn að hættvisi bæri að gæta í kjarnorkudeilu þeirra við SP.

Íranar neita að hætta auðgun úrás, þrátt fyrir fyrirkipun Öryggisráðs SP þar um. Þeir segja kjarnorkuframleiðslu sína vera eingöngu í friðsamlegum tilgangi, en vesturveldin óttast að þeir hyggist framleiða kjarnorkuvopn. Á miðnætti á fimmtdag rann út frestur sem Öryggisráðið gaf Írónum til að hætta auðguninni, en Íranar virtu ekki það bann. Því getur Öryggisráðið beitt Íranar refsiaðgerðum, en til þess mun ekki koma á allra næstu dögum. Fyrst verða frekari samningaviðræður reyndar til hlítar og mun Javier Solana, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, funda að þriðjudag með helsta samningamanninu Íranar í kjarnorkumálum, Ali Laríjani.

Annan ræðir í dag við forseta landsins, Mahmoud Ahmadinejad, sem hefur ítrekað sagt opinberlega að Íranar muni ekki hætta kjarnorkuvinnslu.



Í TEHERAN Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, t.h., og Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans, á fundi þeirra í gær.

Ný dönsk rannsókn:

Reykingar fitandi fyrir unglings

DANMÖRK Reykingar eru fitandi fyrir ungt fólk, kemur fram í nýrri rannsókn sem danska krabbameinsfélagið létt gera.

Í frétt Politíkur segir að þó að sífellt færri byrji að reykja ánætjist ákvæðinn hluti unglings en reykumum viljandi í þeirri trú að þær muni hjálpa þeim að grennast.

Reyndin er þó sú að hið gagnstæða gerist.

Fyrstu tvö árin sem unglings reykja bæta þeir að meðaltali á sig tveimur aukakílóum, sýnir rannsóknin, sem náði til 1.700 unglings í efstu bekkjum grunnskóla.

- smk



SPORHUNDUR LEITAR PÝFIS Löggregla var með skó þjófsins í poka til þess að koma hundinum á sporið.

Þjófur í Þjóðleikhúsini:

Dularfullur þjófnaður

LÖGREGLUMÁL Þjófnaður átti sér stað í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi en löggregla handsamaði þjóffinn fljótlega fyrir aftan leikhúsið. Hann hafði þá losað sig við býfið og var sporhundur sóttur til þess að rekja ferðir hans um nágrennið í þeirri von að það kæmi í leitirnar.

Löggregla og starfsfólk Þjóðleikhússins voru ekki tilbún að tjá sig um hverju var stolið áður en blaðið fór í prentun í gær. Þegar Fréttablaðið hafið samband við Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússjóra var hún stödd í Færeymum þar sem Þjóðleikhúsið var að sýna Grænalandið. Hún vissi ekki um málíð en sagði hins vegar viðtökur Færeyinga við sýningunni afar góðar.

LÖGREGLUFRETTIR

Bílbeltið bjargaði

Bílbelta varð um tíuleytíð í gærmorgun í Hestfirði fyrir botni Ísafjarðardjúps. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var í bílbelti og slapp ómeiddur en bíllinn er talinn ónýttur.

Ekið undir áhrifum

Löggreglan í Reykjavík stöðvaði áttu ökumenn fyrir ölvun við akstur í fyrirnótt og gærmorgun. Að sögn löggreglu voru þetta í flestum tilfellum ökumenn sem voru ekki búin að sofa almennilega úr sér áður en þeir fóru af stað á bílnum.

KIA Sorento

Frumssýning um helgina



KIA Sorento með aflmeiri og hljóðlátari
170 hestafla dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu.

Verð kr. 3.675.000

Við frumsýnum nýjan KIA Sorento

– aflmeiri, betur búinn og enn glæsilegri. Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn næstmeist seldi jeppi landsins. Líklega langbestu jeppakaupin í dag.

Komdu og sjáðu glæsilegri Sorento á enn betra verði. Sjón er sögu ríkari.

Opið í dag frá kl. 12 til 17.

Helgartilboð hjá KIA



1,6 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.598.000

KIA Rio, glæsilegur fólksbíll úr smíðju KIA. Rio er búinn aksurstölvu, átta öryggisloftþúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.



1,1 • 5 dyra • sjálfskiptur • verð 1.285.000

KIA Picanto, lipur, fallegur og nútímalegur smábíll sem eyðir 6,5 lítrum í blönduðum akstri. **Aukapakki 13" stálfelgur og vetrardekk negld eða ónegld.**

www.kia.is

KIA MOTORS
The Power to Surprise™

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,66	68,98
Sterlingspund	130,73	131,37
Evra	87,95	88,45
Dönsk króna	11,79	11,858
Norsk króna	10,862	10,926
Sænsk króna	9,439	9,495
Japansk jen	0,5848	0,5882

SDR 101,98 102,58

GENGSVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,4527

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dallas í Bandaríkjunum:

Víðar buxur verði bannaðar

BANDARÍKIN, AP Borgarstjórnarfultúrar í Dallas í Bandaríkjunum hafa beðið lögmann borgarinnar um að athuga hvort banna megi víðar buxur, sem karlmenn láta sitja svo neðarlega á mjöönum sínum að nærbuxurnar sjást, á götum borgarinnar.

„Mér finnst þetta vera ókurt-eist, þetta er svívirilegt og ógeðslegt,“ sagði Ron Price, sem fór fram að löginn yrðu hert. „Ég geri engar athugasemdir við að það sjáist aðeins í nærbuxurnar. Ég geri hins vegar athugasemdir við það þegar fullorðnir menn ganga um borgina með buxurnar fyrir neðan rasskinnarnar.“

Pó er ólíklegt að bannið nái fram að ganga, því erfitt er að setja mælieiningu á hvaða buxur teljast víðar.

- smk

Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

Aðstoðarrektor hættir störfum

ATVINNA Magnús Árni Magnússon hefur sagt upp störfum sem aðstoðarrektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Magnús Árni Magnússon
„Mér bauðst spennandi vinna sem ég hef áhuga að taka, flytja mig úr akademíunni yfir í atvinnulífi,“ segir Magnús en tekur fram að það sé trúnaðarmál enn sem komið er hvert hann mun flytja sig. „Ég er búinn að vinna

barna í sex ár og það er óholt fyrir alla að vera of lengi á sama stað.“ Magnús er jó ekki farið alveg strax. „Ég parf að klára ákvæðin verkefni en hætti fljótegla. Ékk er búið að ákvæða hver verður eftirmaður Magnúsar.“

- sh



MAGNÚS ÁRNI MAGNUSSON

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hrингja ef blaðið berst ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Ingibjörg Sólrún segir stjórnarandstöðuna hljóta að ætla að fella ríkisstjórnina:

Segir Steingrím fara fullbratt

STJÓRNMÁL, „Ég vil að það verði mynduð ríkisstjórn sem tekst á við ójöfnuð í lífskjörum á Íslandi og þar á Samfylking skýra samstöðu með Vinstri grænum. Slík ríkisstjórn verður þó ekki að mínu viti mynduð nema Samfylkingin fái stjórnarmyndunarboð í næstu kosningum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Hún segir Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri græna, fara fullbratt í málíð þegar hann segir eðilegilt að stjórnarandstöðuflokkarnir bjóði sig fram sem skýran valkost við ríkisstjórnina.

„Það er ekkert nýmæli að

stjórnarandstöðuflokkarnir vinni saman en það sem er nýtt við þetta hjá Steingrími er að hann talar fyrir einhvers konar kosningabandalagi. Það verður bara að sjá til með það, slíkt bandalag verður að vaxa fram. Þegar Samfylking var stofnuð árið 1999 kaus Stein- grímur ekki að vera með heldur stofna sinn eigin flokk. Í því ljósi eru þetta ákvæðin sinnaskipti, en það er ekkert endilega slæmt.“

Hún segir stjórnarandstöðuna eiga málfnalega samstöðu í mörgum málum og hljóta að sameinast um að fella ríkisstjórnina. Þó sé fullbratt að tala um kosningabandalag, slíkt verði að fá að vaxa fram.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Segir stjórnarandstöðuna eiga málfnalega samstöðu í mörgum málum og hljóta að sameinast um að fella ríkisstjórnina. Þó sé fullbratt að tala um kosningabandalag, slíkt verði að fá að vaxa fram.

stöðuflokkarnir eigi að mynda ríkisstjórn saman.

- sbs

Ályktun Vinstri græna:

Vilja bíða með að fylla Háslón

UMHVERFISMÁL Vinstri grænir skora á ríkisstjórnina og stjórn Landsvirkjunar að fresta fyrir hugaðri fyllingu Háslóns. Bíða skuli þar til serstaklega skipuð matsnefnd óháðra aðila hafi verið fengin til að vinna nýtt áhættumat vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var á flokksráðsfundi um helgina.

Einnig skuli könnuð ábyrgð ríkisstjórnar og Valgerðar Sverrisdóttur á því að mikilsverðum upplýsingum hafi verið haldið frá Alþingi þegar frumvarp um Kárahnjúkavirkjun var þar til umfjöllunar og afgreiðslu.

- sbs



HERÓINNEYTANDI Þessi afgansi eiturlyfjaneytandi er einn fjölmargra sem nota afganskrt heróin. Árlega deyja um 100.000 heróinneytendur úr of stórum skömmum.

FRÉTTABLAÐID/AP

Ópíumframleiðsla 6.100 tonn

Ópíumframleiðsla í Afganistan eykst um 59 prósent í ár og er nú framleiðslan í landinu meiri en efterspurnin á heimsmarkaðinum öllum. Talsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa miklar áhyggjur af þróuninni.

AFGANISTAN, AP Ópíumframleiðsla í Afganistan vex nú fram úr hófi og mun aukast um 59 prósent í ár begar búast má við 6.100 tonna framleiðslu, að sögn Antonio Maria Costa, yfirmanns eiturlyfjaeftrirlits Sameinuðu þjóðanna, í gær. Það eru um 92 prósent af heimsframleiðslunni og um 30 prósentum meira en neytt er árlega á heimsvisu. Hægt er að framleiða um 610 tonn af heróini úr 6.100 tonnum af ópíumi, en í fyrra neyttu eiturlyfjaneytendur heimsins um 450 tonna af heróini, samkvæmt tolum SP.

Costa ræddi við blaðamenn í höfuðborg Afganistans, Kabúl, í gær, eftir að hann hafði afhent Hamid Karzai, forseta Afganistans, nýja skyrslu um ástandið. Var hann afar hardorður og sakaði stjórnvöld í Afganistan um að sinna þessu vandamáli ekki sem skyldi. Hann sagði ástandið vera „afar ógnvejkjandi“ og varaði við glæpum, spillingu og hryðjuverk-

um sem fylgja svo gríðarlegri eiturlyfjaframleiðslu.

Hann lagði til að lögreglu- og landstjórar í þeim hérudum þar sem ópíumframleiðsla er mikil yrðu bæði reknir og ákærðir. Eins sakði Costa spillta embættismenn um að stinga í

„Afganskrt ópíum kyndir undir óöld í Vestur-Asíu.“

ANTONIO MARIA COSTA
YFIRMAÐUR HJÁ SP

eigin vasa fé ætluðu til neyðaraðstoðar.

Sérstaklega er ástandið slæmt í suðurhluta landsins, en í Helmand-héraðinu hefur ópíumframleiðslan aukist um 162 prósent á einu ári. Mikið stjórnleysi ríkir í héraðinu, þar sem talíbanar eiga í átokum við hermenn Atlants-hafssandalagsins, NATO.

„Afganskrt ópíum kyndir undir óöld í Vestur-Asíu, fóðrar alþjóðlega glæpahrungi og veldur dauða 100.000 eiturlyfjaneytenda á ári hverju,“ sagði Costa.

Stjórnvöld á Vesturlöndum telja að uppreisnarmen komi að eiturlyfjaframleiðslu og -sölu og noti ágóðann til að greiða fyrir vopnakaup sín. Peir standa þó ekki einir að viðskiptunum, því ljóst þykir að fjöldi opinberra embættismanna og lögreglustjóra sé einnig viðriðinn þau.

Ópíum er unnið úr valmúa og sýnir skýrsla SP að land sem notað er undir valmúræktun nemí nu um 165.000 hektórum. Í fyrra voru um 105.000 hektarar notaðir til að framleiða 4.100 tonn af ópíum í Afganistan.

Eiturlyfjaviðskipti nema um 35 prósentum af þjóðarframleiðslu Afgana og þykir líklegt að sú tala fari hækkanði með aukinni ópíumframleiðslu.

smk@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »



Sigrður Þ. Ragnarsson,
veðurfræðingur

VÆTA NÁLGAST SUNNANVERT LANDIÐ


Það er smálægð að nálgast sunnanvert landið og ef fer sem horfin nær hún það nálgæt landi að búast má við rigningu á meginhluta Suðurlands í kvöld. Fram að þessari lægðakomu verður bjart á sunnanverðu landinu. Áfram verður fremur þungbúið norðan til en úrkoman verður heldur minni en verið hefur, jáfvel engin.

VEÐURHORFUR Í BORGINNÍ DAG

Norðaustan 5-8 m/s.
Þykkrar smárn saman upp með vætu í kvöld. Hiti 11-15 stig.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	20°C skúrir	London	22°C skúrir	Alicante	30°C hálfskýjað
Billund	17°C skúrir	París	24°C skúrir	Mallorca	28°C hálfskýjað
Ósló	16°C rigning	Frankfurt	22°C rigning	Algarve	34°C heiðskirt
Stokkhólmur	17°C skúrir	Friedrichshafen	24°C hálfskýjað	Krit	27°C heiðskirt
Gautaborg	18°C skúrir	Berlin	24°C skúrir	Las Palmas	33°C heiðskirt



5-8 m/s.

* Vindhraði er í metrum á sekundu.

Gerðu það sem þú vilt



ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFANSLIS TÖF 33929 08/2006

Land Cruiser. Tákn um frelsi

Hann er harður, kraftmikill og áræðinn. Þessir eiginleikar fera þér þægindi og frelsi. Rennislétt borgarstræti, torfærar slóðir á hálendinu – þitt er valið. Háþróaður tæknibúnaður og fyrsta flokks innréttung tryggja þér ánægjulega upplifun hvert sem þú ekur.

Kynntu þér tæknibúnaðinn í mismunandi útfærslum af Land Cruiser: Tölvustýrð fjöðrun, TEMS, og ABS-hemmlakerfi með EBD, tveir tveggja þrepa SRS loftpúðar og hliðarloftpúðar – svo eitthvað sé nefnt.

Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser.

Verð frá **4.680.000. kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



Eiga Íranar að fá að auðga úran?

Já	39%
Nei	61%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér yfirlýsingar Seðlabankastjóra um Kárahnjúkamál viðeigandi?

Segðu þína skoðun á visir.is

VISIR

Allt að tveggja ára bið er eftir félagslegu húsnæði og eru fjölmargir aldraðir á biðlista:

Um 700 manns bíða eftir félagslegu húsnæði

FÉLAGSMÁL Á sjöunda hundrað manns bíða eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík. Á sama tíma bíða rúmlega 360 eldri borgarar eftir þjónustuþúðum fyrir aldraða.

Til að koma til móts við þörfina hefur verið ákvæðið að fjlóglag félagslegum íbúðum um fimm hundruð og þjónustuþúðum fyrir aldr-aða um 150 fram til ársins 2010.

Sigurður Friðriksson, framkvæmdastjóri félagsbústaða, segir sjótíu prósent peirra sem sækja um félagslegt húsnæði vera að leita að eins til tveggja herbergja íbúðum. „Stór hluti þessa hóps eru einhleypir eldri karlmenn sem flosnæð hafa upp úr vinnu og geta ekki séð fyrir sér. Hluti hópsins skuldar meðlög og stendur ekki í skilum.

Bíðtími eftir félagslegum íbúðum er frá nokkrum mánuðum upp í tvö ár og er meiri-

hluti þeirra sem bíða í brýnni þörf.“

Sigurður segir líkamlegt ástand ráða forgangsröðun eldra fólks sem bíður eftir þjónustuþúðum en ekki sé tekið mið af tekjum og eignum viðkomandi.

Sigurður segir þá breytingu fyrirhugaða á kaupum félagslegs húsnæðis að ekki verði keyptar fleiri en ein íbúð í hverjum stigangangi. „Nú er staðan þannig að tuttugu prósent félagslegs húsnæðis eru staðsett í Efra-Breiðholtinu en við ætlum að selja hluta þeirra eigna og kaupa í staðinn íbúðir í minni fjölbýlishúsum í Grafarholtinu.“ - hs

BAKKAHVERFIÐ Í BREIÐHOLTI
Tuttugu prósent félagslegs húsnæðis í Reykjavík eru í Efra-Breiðholti.



Bíldudælingar

**Stefnum hugvorum að Bíldudalskirkju
1. sunnudag í aðventu n.k. og fögnum
100 ára afmæli.**

Sr. Bragi, sr. Flosi, sr. Agnes, sr. Dalla, sr. Sigurpáll,
sr. Hörður, sr. Auður Inga, sr. Sveinn og sr. Jakob.



Aðalfundur 2006

Alfesca

Aðalfundur Alfesca hf. verður haldinn þriðjudaginn 19. september 2006 kl. 17.00 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýringum endurskoðanda.
- Þóknun til stjórnar ákvæðin.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðenda félagsins.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega kunna að verða lögð fyrir fundinn eða fundurinn samþykkr að taka til meðferðar.

Fundurinn fer fram á ensku. Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundinum, skulu hafa borist stjórninni eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur félagsins og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, sjö dögum fyrir aðalfundinn.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent við innangögn og á skrifstofu félagsins að Fornubúðum 5, Hafnarfirði, á fundardaginn.

Hafnarfirði 1. september 2006
Stjórn Alfesca hf.

Laun 400 milljónum króna yfir áætlunum

Mannekla á Landspítalanum er leyst með yfirvinnu og 150 milljónir voru greiddar í yfirvinnu- og álagslaun á fyrstu sex mánuðum ársins. Laun hækka vegna samkeppni um vinnuafl og kaup á vinnu frá verktakafyrirtækjum aukast.

HEILBRIGDISMÁL Launagjöld Landspítans á fyrstu sex mánuðum ársins eru rúmum 400 milljónum umfram fjárhagsáætlun, eða sem nemur 3,9 prósentum. Heildarhalli spítans á tímabilini janúar til júní nam 477 milljónum króna, eða 3,1 prósentum af tekjum. Helstu ástæður framrkeyrslu launa eru samkvæmt greiningu stjórnenda spítans aukið álag á starfsemina á sama tíma og mikil spenna er á vinnumarkaði og samkeppni um vinnuafl. Erfitt reyndist að ráða í lausar stöður og til sumarafleysinga sem olli því að kaupa varð yfirvinnu af starfsmönnum spítans og meiri þjónustu verkta, bæði innlendra og erlendra, en verið hefur undanfarin ár.

Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri og staðgengill Magnúsar Péturssonar forstjóra, segir að mikil erfiðleikar hafi verið á slysa- og bráðadeildum spítans á þessu ári. „Eftirspurn eftir þjónustu eykst jafnt og þétt og við höfum þurft að bregðast við með aukinni þjónustu sem vegna manneklu hefur burft að gera með kaupum á yfirvinnu þeirra sem fyrir eru.“

Margrét I. Hallgrímsdóttir, svíosstjóri hjúkrunar á kvennasviði, segir að kaup á yfirvinnu til langs tíma sé vítahringur. Of mikil vinna valdi því að starfssólk verði mjög breytt sem leiðir til veikinda. Fjarvistir vegna veikinda kalli á aukið álag

á þá sem fyrir eru og svo koll af kolli. Yfirvinnna er talin hafa kostad spítalann 150 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins.

Manneklan hefur einnig valdið því að nauðsynlegt hefur verið að kaupa þjónustu innlendra og erlendra verktafakafyrirtækjja. Kaup á slíkri þjónustu námu 77 milljónum á fyrstu sex mánuðum þessa árs en 41 milljón allt árið í fyrra. Forsvarmenn LSH segja einnig að mikill þrýstingur sé á hækjun launa á LSH vegna launabréðunar annars staðar í samfélaginu, launatengd

gjöld hafi hækkað og ríkið hafi ekki bætt spítalanum upp auknar greiðslur vegna samningsbundinna launa-hækkaná félagsmannna í Eflingu og SFR. Einig hafði það áhrif á launa-útgjöld spítans að deildum var ekki lokað á sumarleyfistíma í sama mæli og undanfarin ár.

svavar@frettabladid.is



LANDSPÍTALINN Launagjöld fóru rúmum 400 milljónum fram úr áætlunum á fyrstu sex mánuðum ársins. Ein helsta ástæðan er yfirvinnna starfssólk vegna viðvarandi manneklu hjá spítalanum. Kaup á vinnu frá verktakafyrirtækjum færast einnig stöðugt í vöxt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýjar aðgerðir bresku löggreglunnar gegn meintum hryðjuverkamönnum:

Sextán manns handteknir

BRETTLAND, AP Breska löggreglan handtók á föstudagskvöld og í gær sextán manns í nýjum aðgerðum gegn meintum hryðjuverkamönnum. Mennirnir, sem eru á aldrinum 17 til 48 ára, eru grunaðir um að reyna að safna nýliðum og þjálfa þá til hryðjuverkaárása, að sögn talsmanna löggreglunnar.

Tólf mennanna voru handteknir á kínversku veitingahúsi í London á föstudagskvöld, sem vakti mikla athygli enda var veitingahúsið fullt af viðskiptavinum sem tengdust málinu ekki.

Óttinn við hryðjuverk skipulögð á breskri grund hefur verið mikill í landinu síðan í fyrra, þegar fjórir menn sprengdu sjálfa sig í loft upp í neðanjarðarlestum London, og ekki bætti úr skák þegar 25 manns voru handteknir í síðasta mánuði, grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk í háloftunum.

Að sógn löggreglu eru þessar nýjustu handtókur hvorki tengdar þeim í ágúst, né árásunum í fyrra, sem urðu 52 að bana.

Handtókurnar voru gerðar eftir margra mánaða rannsóknávnu en löggregla gaf litlar aðrar upplýsingar um málið.

Löggregla gerði jafnframt fjölmargar húslitir, meðal annars í íslomskum gagnfræðaskóla nærri London.



- smk

HÚSLEIT Breska löggreglan gerði húslit í fjölmörgum íbúðarhúsum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



hagstæðustu heildarinnkaupin

skemmtilegri innkaup

ódyrt

frábært
verð



bú sparar
400 kr/kg



íslenskur feti
á frábæru verði



bú sparar
249 kr/kg

25%
afsláttur við kassa
Verð nú 749 kr/kg
Verð áður 998 kr/kg
Nettó brauðskinka

bú sparar
620 kr/kg

25%
afsláttur við kassa
Verð nú 2.062 kr/kg
Verð áður 2.749 kr/kg
Nettó hangálegg



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 1. september til 3. september eða meðan birgörir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

Ábyrgð á verðsamráði:

Hafa félög sjálfstæðan vilja?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Igrein sem Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður skrifaði og birtist í Fréttablaðinu á fimmtudag gerir hann ýmsar athugasemdir við hugleiðingar þess sem hér skrifar um ábyrgð einstaklinga þegar fyrirtæki sem heir stýra verða uppvís að ólöglegu verðsamráði.

Í pistlinum sem athugasemdir Ragnars beinast að var lagt út frá ólöglegu verðsamráði olíufélaganna Skeljungs, Essó og Olís, sem samkeppnisfirvöld hafa sektað um samtals 1,5 milljarða króna. Ríkissaksóknari hefur málid nú til meðferðar og hefur fulltrúi embættisins bent að í nágrennalöndum okkar séu ekki fordæmi fyrir því að einstaklingar séu sóttir til saka vegna brota af þessu tagi, heldur séu það alltaf fyrirtækin sjálf. Þessi ábending fulltrúa Ríkissaksóknara er að sjálfssögðu ekki annað en vangaveltur um hvort lagalegar forsendur séu fyrir málsókn á hendur þeim einstaklingum sem hafa stöðu sakbornings í rannsókn Ríkissaksóknara á verðsamráði olíufélaganna, en Ragnar H. Hall er einmitt verjandi eins þeirra manna.

Nú kom ekki fram í pistlinum, sem Ragnar gerir athugasemdir sínar við, krafa um að skjólstæðingur hans eða aðrir sakborningar í svindli olíufélaganna eigi að sæta ákærum og refsingum, þótt hann kjósi að halda því fram í svargrein sinni. Par stóð skýrum stöfum að samfélagið hlyti að gera þá kröfu að stjórnendur fyrirtækja sem yrðu uppvísir að ólöglegu verðsamráði sættu refsingum. Tilefni pistilsins var sem sagt að við númerandi aðstæður í íslensku réttarfari er einmitt þetta atriði ekki nægilega skýrt.

Enginn ágreiningur er uppi um að stjórnendur olíufélaganna höfðu með sér svo vitt samráð um verð, útböd og fleira, að það náiði til alls almenns reksturs félaganna. Hér var á ferðinni harðsnúið samsæri sem gekk svo fram af þjóðinni að í skoðanakönnun Fréttablaðsins haustið 2004 kom fram að 99 prósent almenningars töldu að forstjórar olíufélaganna ættu að svara til saka fyrir þátt sinn í málinu.

Að sjálfssögðu skiptir þetta álit þjóðarinnar nákvæmlega engu þegar Ríkissaksóknari metur hvort lagalegar forsendur séu fyrir því að sækja forstjórana til saka. Á hinn böginn er full ástæða til að gera kröfu um að í lögum landsins sé búið svo um hnútana að enginn vafi leiki á því að þeir sem eru gripnir glóðvolgir við slík brot axli á þeim persónulega ábyrgð, eins og kom fram í pistlinum sem ýtti Ragnari H. Hall út á ritvöllinn.

Tilgangurinn með þeim pistli var svo sannarlega ekki að velta fyrir sér lagatæknilegum atriðum olíumálsins. Þau átök eru eftirlátin lögspekingunum. Hugmyndin var að vekja athygli á því að í haust getur þjóðin átt von á því að tilkynnt verði að mennirnir sem stýrðu olíusvindlinu verði ekki sóttir til saka og þeirri skoðun lýst að ekki verði búið við slíkt ástand í viðskiptalífinu áfram.

Í svargrein Ragnars kemur fram að ekki sé réttmætt að gera kröfu um að þeir sem hafi staðið í slíkum brotum sæti refsingum vegna þess að „hin ætluðu brot hafi verið framin af félögum sem þeir störfuðu hjá“.

Erfitt er að skilja þetta á annan hátt en að Ragnar álíti að félög hafi sjálfstæðan vilja, sem stjórnendur þeirra hafi ekkert um að segja. Þetta er svo sannarlega athyglisverð tilhugsun og fyrir ólögfroða menn verður spennandi að sjá hvort dómstólar fá tækifæri til að staðfesta þann skilning.

FRÉTTABLAÐID

ÚTGÁFUFLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ASTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arnðís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björk Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRUI RITSTJÓRA: Þjórgvin Guðmundsson ADALSIÐI: 550 5000 SÍMRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFANG: ritstjorn@frettabladid.is

Samfylkingin Suðurkjördæmi

Aðalfundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi verður haldinn í Ráðhúskaffi Þorlákshöfn sunnudaginn 17. september 2006 og hefst kl. 13.30.

Dagskrá: Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Tillaga stjórnar kjördæmisráðs um tilhögun við val á framboðslista Samfylkingarinnar í kjördæminu fyrir komandi alþingiskosningarnar.



Samfylkingin

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fortíðin strikuð út

„Hafi maður, er sætt hefur refsídómi fyrir einhvern verkað, síðar öðlast uppreist æru, er ekki heimilt að bera hann framar þeim sökum,“ segir orðrétt í almennum hegningarlögum. Er þá spurt hvort ekki megi minnast á brot Árna Johnsen nú eftir að hann hlaut uppreisn æru. Þúið að þurka fortíðina út. Það er þó harla ólíklegt. Hins vegar er ekki hægt að minnast á brot Árna þegar fjallað er um kjörgengi hans eða í dómsmálum til refsþyngingar sem dæmi.

Þrófkjörtið

Margr bíða óþreyjufullir eftir því að fulltrúaráð Sjálfstæðisflokkins í Reykjavík taki formlega ákvörðun um að halda þrófkjör fyrir

alþingiskosningarnar næsta vor. Stjórn ráðsins mun koma saman á næstunni, hefja undirbúning að þrófkjöri og samþykka það svo formlega um miðjan september. Verður þrófkjörið þá haldið um miðjan nóvember. Eftir að það liggr fyrir munu framþjóðendur tilkynna hvaða sæti þeir sækist eftir á framboðslista flokkins. Björn Bjarnason hefur fyrstur tilkynnt um framboð sitt og mun hann líklega þurfa að keppa við Guðlaug Þór Þórðarson um annað sæti á listanum, á eftir formanni flokkins.

Leitað til kvenna

Talað er um að meðal efstu tíu framþjóðenda á

lista Sjálfstæðisflokkins í Reykjavík verði að vera að minnsta kosti fjórar konur. Sóleyge Pétursdóttir og Ásta Möller munu að öllum líkendum sækjast eftir sæti á listanum. Það er því ljóst að sóknarfæri er fyrir fleiri konur. Hefur meðal annars verið leitað til Ásdísar Höllu Bragadóttur, forstjóra Byko. Talið er óliklegt að hún stígi aftur inn í pólitíkina á þessum tímapunkti. Samt er spurning hvort hún haldi titlinum sem næsta vonarstjarna flokkins í fjögur ár í viðbót.

bjorgvin@frettabladid.is



Úlfur úlfur



ILLUGI GUNNARSSON

Í DAG | Stjórnarsamstarf

Einhvern tímamann heyrði ég því fleygt að bjartsýnismáður væri sá sem neitaði að læra af reynslunni. Þetta er frekar vonleysislegt viðhorf en það er þó svo að reynslan er harður húsbóndi. Mér varð hugsað til þessa þegar ég heyrði Steingrím J. Sigfússon formann VG lýsa því yfir að hann vildi láta á það reyna hvort ekki væri hægt að ná samstöðu við hina stjórnarandstöðuflokkana um ákveðin lykilmál fyrir næstu kosningar. Mér finnst þessi hugmynd Steingrims mjög fín. Það væri ljómandi gott fyrir pólitíkska umræðu í landinu ef fram kæmi með skýrum hætti á hverju kjósendur geta átt von komist vinstrí stjórn til valda. En ég held að þetta verði ekki auðvelt verk, langt í frá.

EKKI Í FYRSTA SINN

Það væri pólitískt afrek hjá Steingrími ef honum tækist að draga fram stefnu Samfylkingarinnar í ákveðnum lykilmálum fyrir næstu kosningar. Samfylkingin hefur verið svo upptekin af því að verða stór stjórnsmálaflokkur að hún forðast eins og heitan eldinn að segja eitthvað fast og ákveðið um nokkrum skapaðan hlut. Orðin nútímalegur, framsækinn og metnaðarfullur jafnaðarmannaflokkur virðast eiga að duga sem útfærsla helstu stefnumála.

Steingrímur hefur reyndar tekio fram að hann hafi reynt fyrir síðustu kosningar að fá Samfylkinguna til að leggja fram stefnumál sín og stilla þannig saman strengi stjórnarandstöðunnar. Það tókst ekki þá.

METNAÐARFULLT VERKEFNI STEINGRÍMS

Mér finnst mest spennandi að fylgjast með því hvernig Steingrímur muni ganga að ná út úr Samfylkingunni útfærslu hennar að stefnu sinni í sjávarútvegsmálum. Eins og fram hefur komið vill Ingibjörg Sólrún útfæra stefnu síns flokks í nánu samráði við

Landssamband íslenskra útvegsmanna og önnur hagsmunasamtök í sjávarútvegi. Við upphaf kosningavetrar er enn erfitt að henda reiður á hver útfærslan á að vera. Vandinn er sá að Steingrímur er prinsíppamaður í pólitík. Hann mun því eiga erfitt með að sitja með þeim Samfylkingarmönnum á fundum inni í LIÚ og taka þar við línumni. Ekki síður hlýtur það að verða spennandi að sjá sameiginlega stefnu VG og Samfylkingarinnar í utanríkismálum. Par hefur Ingibjörg þó talð nokkuð skýrt í einu máli, Samfylkingin vill að Ísland gangi í ESB. Steingrímur myndi sennilega fyrri ganga privat og persónulegá í NATO heldur en að berjast fyrir aðild Íslands að ESB. Svona má lengi telja.

GLANNI GLÆPUR

Fyrstu viðbrögð Ingibjargar Sólrúnar eru þau að kalla tillögu Steingrímus fjölmíðaleikrit. Það hlýtur að vera særandi fyrir Steingrím að fá þessa einkunn frá leiðtoga Samfylkingarinnar, þetta er svona eins og að mega þola það að vera sakáður um ofleik af Glanna glæp. Ingibjörg nefnir þó að samhljómur geti orðið hjá flokkunum um andstöðu við stórið justefnu. Vætanlega vísar formaður Samfylkingarinnar þar til báttöku ríkisins í raforkuframlieðslu til álbraðslu og já meðal annars til framkvæmdanna við Kárahnjúku. Ekki ætti að purfa að rifja upp að Ingibjörg léti lykilhlutverk í því að tryggja að Kárahnjúkastíflan yrði reist.

Atkvæði hennar í borgarstjórn skipti skópum þegar kosíð var þar um hvort ábyrgðir yrðu veittar til verkefnisins. Og allir viðstaddir þingmenn Samfylkingarinnar að tveimur undanskildum kusu með framkvæmdinni á þingi. Hætt er við að sá samhljómur sem Ingibjörg hyggst ná með VG í þessu máli verður fremur holar og að stóku nota skeri í eyru.

GENGISFELLING

En þó að erfiðlega muni ganga að finna málefnaðalegan grundvöll fyrir samstarfi vinstrí flokkanna bá eiga þeir auðvelt með að stilla saman strengi í upphlaupsmálum. Hart hefur verið gengið fram og fyrverandi iðnaðarráðherra sakáður um að hafa vísitandi leynt Alþingi Íslendinga mikilvægum upplýsingum vegna byggingar Kárahnjúkastíflu. Það er vart hægt að bera ráðherra þyngri sökum en þessum. Það má ljóst vera að enginn setur síklar ásakanir fram án þess að hafa fyrir beim ríka sannfæringu og haldgóð rök. Stjórnarandstaðan hefur vitað af málsmeðferð Valgerðar og skýrslu Gríms frá því árið 2003 og jafnvel fyrir þann tíma. Ef það er einlæg skoðun stjórnarandstöðunnar að Valgerður hafi brugðist skyldum sínum, hvers vegna í ósköpunum félru þá ekki jafnbung orð og nú hafa fallið árið 2003, árið 2004 eða árið 2005? Er eithvert sérstakt tilefni núna? Eða var stjórnarandstaðan virkilega svona fattlaus í öll þessi ár?

Einhvern tímamann kann það að gerast að ráðherra reyni vísitandi að leyna Alþingi upplýsingum. Þá skiptir mál að ekki sé búið að gengisfella síklar ásakanir með tilhæfulausum upphlaupum. Alþingi þarf mjög að því að halda að komi síklar ásakanir fram hjá málsmetandi mönnum sé að þær hlustað og þær teknað arlarlega. Það hlustaði enginn á strákinum sem kallaði úlfur, úlfur þegar hann loksins þurfti að því að halda.

Sérfræðiálit um samfélagsmál

Viðbrögð | Ágúst Þór Árnason svarar leiðara Fréttablaðsins



ÁGÚST ÞÓR ÁRNASON

Í leiðara Fréttablaðsins 1. september gerir annar aðalritstjóri blaðsins mér þann heiður að fjalla um umræði míni á sjónvarpsstöðinni NFS miðvikudaginn 30. ágúst. Þar fjallaði ég um afgreiðslu erindis fyrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokkins til dómsmálaráðherra þar sem hann fer fram að sér sé veitt uppreist æru. Í viðtalinnu sagðist ég telja afgreiðslu málsins formlega óaðfínanlega en klaufalega í ljósi uppákomunnar í tengslum við 100 ára afmæli heimastjórnarinnar. Ritstjórin snýr út úr orðum mínum að því er virðist í beim tilgangi að vara við því að fjallað sé um umræði mál með öðrum hætti en honum er þóknanlegt. Ábúðarfull orð hans um að gera verði lágmarkskrófur til sér-

bekkingar háskólaþóls sem tjáir sig opinberlega um málefni líðandi standar eru í litlu samræmi við þær athugasemdir sem hann gerir við ummæli míni.

Ég dred ekki bekkingu ritstjórans á lagalegum þætti þessa sérstaka máls í efa. Fyrrum ráðherra, alþingismanni, formanni Sjálfstæðisflokkins og lögræðingnum Þorsteini Pálssyni sést hér þó yfir að í stjórnskipun vegast á lagaleg, samfélagsleg/lýðræðisleg og stjórn-málaþeg álítaefni í ríkari mæli en í annarri löggjöf.

Þorsteini Pálssyni hefur verið boðið að halda erindi um stjórnskipunarlegt hlutverk forseta lýðveldisins við Háskólan á Akureyri. Það er von mán og annarra þeirra sem gefi ekki annað til kynna en að hann ætti að þekkja ast boðið.

BÓNUS  **BÓNUS**  **BÓNUS**  **BÓNUS**  **BÓNUS**  **BÓNUS**  **BÓNUS**  **BÓNUS**  **BÓNUS** 



Enn meira úrval af Rynkeby söfum og drykkjum:
Grænt íste, ferskju íste, epla og trönuberjasafi



Ábjóðlegu nótunum...



Opið í sunnudagsbúðum 12.00 til 18.00

CHARLIE SHEEN
FÆDDIST Á PESSUM DEGI ÁRIÐ 1965.



„Ég veit allt um það nána hvernig ég á ekki að haga mér. Ég veit miklu meira um það en náungi á mínum aldrí ætti að vita.“

Leikarinn Charlie Sheen, sem hefur gert ýmislegt af sér í gegnum tíðina, er 41 árs í dag.

tíamót

timamot@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðríður Erna Óskarsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum fimmudaginn 31. ágúst.

Ólöf S. Jónsdóttir

Kjartan Gíslason
Pórunn Halldóra Matthiasdóttir

Herdís P. Jónsdóttir

Ingi Jón Sverrisson

Halla G. Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkar færum við starfsfólk 3N,
Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun.
Jóns Aðalsteins Jónssonar
fyrrverandi orðabókastjóra.

Sérstakar þakkar færum við starfsfólk 3N,
Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun.

Vilborg Guðjónsdóttir

Jón Viðar Jónsson

Guðjón Jónsson Elísabet Jóna Sólbergsdóttir

Sigríður Síða Jónsdóttir Birgir Karl Knútsson

og afabörn.



Innilegar þakkar til allra sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför okkar tengdamóður, ömmu og langömmu
Ásu P. Ottesen

Puríður Hermannsdóttir

Þorlákur Hermannsson

Herdís Hermannsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Alma Ch. Róborts

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglysingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

PETTA GERÐIST 3. SEPTEMBER 1875

Ferdinand Porsche fæðist

Á pessum degi árið 1975 fæddist Ferdinand Porsche, vélaverkfræðingur og upphafsmáður Porsche-bílanna, sem enn þann dag í dag eru taldir á meðal flottstu bíla jarðar.

Porsche fæddist í Maffersdorf í Austurriki. Hann hóf starfsferil sinn hjá Daimler-fyrirtækinu og varð fljótt nokkuð hátt settur þar. Á endanum ákvað hann þó að yfirgefa fyrirtækið árið 1931 og fór þess í stað að hanna sína eigin sport- og kappakstursbila.

Eitt frægasta verkefni Porsche er „billinn fyrir fólk“ sem hann hannaði fyrir Adolf Hitler, þ.e. Volkswagen. Ásamt syni sínum var Porsche ábyrgur fyrir því að koma Volkswagen á framfæri. Átti þessi hlutdeild hans í verkefninu eftir að koma honum í koll. Eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk var hann handtekkinn af Frökum og þurfti að dúsa í fangelsi í þó nokkur ár þar til honum var loksins sleppt.



INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR OG ÁRNI M. MATHIESSEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA Ingibjörg hefur starfað með tólf ráðherrum á 34 ára ferli hjá fjármálaráðuneytinu.

FRÉTTABLAÐID/BRINK

INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR: KVEÐUR FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ EFTIR 34 ÁR

Hefur aldrei leiðst í vinnunni

Ingibjörg Björnsdóttir létt af störfum sem ritari fjármálaráðherra í vikunni, en hún hefur starfað við fjármálaráðuneytið frá 1. febrúar 1972. „Ég vil nú ekki segja að ég hafi verið sérlegur ritari fjármálaráðherra allan þann tíma,“ segir Ingibjörg, „það varð ég ekki fyrr en 1979, fyrir Tómas Árnason. Fram að þeim tíma var ráðuneytið lítið og allir unnu fyrir alla.“ Ingibjörg er ánægð með þrjátíu og fjögurra ára starfsferil sinn hjá ráðuneytinu. „Petta er búið að vera mjög gaman og ég hef unnið með fjölbreyttu og skemmtilegu fólk.“ Adspurð hvort einhver peirra tólf ráðherra sem hún hefur unnið með sé í sérstökum uppáhaldi skellir hún upp úr. „Ég hef ekcert svar við því,“ segir Ingibjörg. „Peir hafa verið svo ólíkir persónuleikar og margir mjög eftirminnilegir.“

Á ferli sínum hefur Ingibjörg orðið vitni að mörgum eftirminnilegum

atvikum. „Ég man alltaf eftir ákveðnu atviki frá því að Albert Guðmundsson sat í ráðherrastólnum,“ segir Ingibjörg. „Á þeim tíma var mikil umræða í gangi um hvort leyfa ætti hundahald í Reykjavík. Albert átti hund, Lúsí, og hafði hótað því að flytja úr landi ef Lúsí fengi ekki að vera í Reykjavík. Petta var umtalað og ráðuneytinu bárust ýmis bréf og pakkar í kringum þetta,“ heldur hún áfram. „Við fengum pakka að utan sem á stóð „For Lucy Dog Guðmundsson, c/o Albert Guðmundsson, Ministry of Finance, Iceland“. Í honum var mikil af góðum gripum handa Lúsí; hálsband, bein og einhver leikföng. Hún var greinilega viðfrægur hundur,“ segir Ingibjörg hlæjandi. Skómuðum eftir þetta var svo stofnað kvenfelag í ráðuneytinu. „Það er enn starfandi undir því skemmtilega nafni Lúsifer,“ bætir Ingibjörg við.

Aðspurð segir hún starfið eðlilega hafa breyst á pessum árum, sérstaklega hvað tölvuvæðinguna snertir. „Fyrir tölvuvæðinguna voru ritarar að miklu leyti velritunarstílukur, þannig að það breyttist mjög mikil. Samkvæmt Ingibjörgu breyttist eitt bó aldrei: „Petta hefur aldrei verið leiðinlegt,“ segir hún.

Síðastliðið fimmudagskvöld var haldið kveðjuhóf í ráðherrabústöðnum Ingibjörgu til heiðurs og margin góðir gestir mættu. Hvað ætlað hún svo að taka sér fyrir hendur þegar veisluhöldum er lokið? „Fyrst ætla ég að fara í frí með fjölskyldunni. Svo stefni ég bara á að njóta lífsins með vinum og vandamönnum og hafa það gott í inni,“ segir Ingibjörg. „Petta hefur verið góður tími, en það er kominn tími til að draga sig í hlé svona áður en maður fer að glata minninu,“ bætir hún hlæjandi við.

- sun

Ungur fiðluleikari fær styrk

Elfa Rún Kristinsdóttir hlaut í gær styrk úr Styrktarsjóði Önnu Karólínu Nordal. Styrkurinn, sem nemur hálfrí milljón króna, er veittur árlega og er ætlað að styrkja unga söngvara og fiðluleikara.

Elfa Rún tók við styrknum í Salnum í Kópavogi en ný tónleikaskrá Salarins fyrir starfsárið 2006-2007 var einnig kynnt við þetta tækifæri. Í lok dagaskrár lék Elfa Rún nokkur lög en hefð er fyrir því að styrkþegar ljúki dagskránum.

Elfa Rún hlaut fyrstu verðlaun í alþjólegrí keppni ungra hljóðfæra-leikara sem haldin var í Leipzig í júlí

og kennd er við tónskáldið Johann Sebastian Bach. Þá fékk hún einnig sérstaka viðurkenningu fyrir að vera yngsti keppandinn, 21 árs gömul, sem vinnur til verðlauna. Alls tóku yfir eitt-hundrað fiðluleikarar þátt í keppninni. Keppnin fer fram annað hvert ár en fyrstu verðlaun fyrir fiðluleik voru síðast veitt árið 1992. Síðan þá hafa fiðluleikarar tvisvar kept um verðlaunin. Enginn Íslendingur hefur áður boríð sigur úr býtum í keppninni.

ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR Tók við styrknum í Salnum í gær og lék nokkur lög fyrir viðstadda.



MERKISATBURÐIR

- 1919 Flugið er í fyrsta sinn á Íslandi. Atburðurinn á sér stað í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Flugvélin var af Avro-gerð og var flugmaðurinn enskur.
- 1939 Bretar og Frakkar lýsa yfir stríði gegn Þýskalandi.
- 1921 Brúin yfir Jökulsá á Sólheimasandi er vígð.
- 1988 Brúin yfir ósa Ölfusár er formlega tekin í notkun. Hún er 360 metra löng.
- 2000 Li Peng, forseti þjóðþings Kína, kemur í þriggja daga opinbera heimsókn til Íslands. Nokkrar deilur urðu um samskipti hópsins við Alþingi og fjölmíðla.
- 2004 Meira er 200 manns deyja eftir þriggja daga umsáttarsástand í rússneskum skóla.

Kraftmík! Vetrarardagsgjárá



8 vikna námskeið
hefjast 6. september

KONUR ÁTAK KARLAR ÁTAK PEAK PILATES

- takmarkaður fjöldi
- einnig sérsniðin námskeið fyrir NÝBAKAÐAR MÆÐUR og ELDRI BORGARA

ROPE YOGA

- takmarkaður fjöldi

JÓGA á meðgöngu

- takmarkaður fjöldi

„EXTREME“-PJÁLFUN

- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

FLÆÐI JÓGA ^{nytt}

(Vinyasa yoga)

Vinyasa eykur styrk á líkamlega sem og andlega sviði. Vinyasa er jafnt fyrir byrjendur sem og lengra komna, fyrir stirða sem liðuga. Að iðka Vinyasa yoga er ávisun á aukina velgengni í öllum þáttum lífsins.

12 vikna námskeið
hefjast 11. september

LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ

- Fyrir konur
- 12 vikna námskeið í World Class Laugum, Spöng og Húsi Orkuveitunnar. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ eftir Dr. Pamela Peeke höfð til hliðsjónar.
- Innifalið: Hvatningarfyrirlestrar, næringarráðgjöf, kennsla á tæki, mælingar, aðhald, næringarfyrirlestur og heilsumappa. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ á sértíboði fyrir þátttakendur á námskeiðinu.

SPORTSKÓLI ^{nytt} WORLD CLASS

Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára. Farið verður með börnunum í fjölbreytta og skemmtilega leiki þar sem hreyfigeta þeirra er örvuð. Þetta er frábært tækifæri fyrir börn til að fá holla hreyfingu, þroskast og dafna.

Skráning í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Ný og glæsileg stundaskrá tekur gildi 4. september en stundaskrá World Class hefur aldrei verið stærri og fjölbreyttari en nú.

Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasöluum og opnum tínum fylgir námskeiðum.



Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200

www.worldclass.is



Breyttu eyðibýli í paradís

Hjónin Bogi Jónsson og Narumon Sawangjaitham búa að Hliði á Álfanesi og hafa þar byggt upp staðinn á undanförnum árum en Hliði hafði áður verið eyðibýli um nokkurt skeið.

Bogi og Narumon, eða Nok, eins og hún er jafnan kölluð, höfðu rekið veitingastaðinn Tailand og taflenskt vörðuhús í nokkur ár þegar þau neyddust til að selja það allt saman auk einbýlishúss á Arnarnesinu, þar sem þau bjuggu. „Ég vissi af eyðibýlinu Hliði og samdi við Bessastáðahrepp um að fá að gera húsið upp. Efnið og vinnan fóru upp í leigu í ákvæðinn tíma á meðan ég gerði upp og byggði við húsið með það fyrir augum að vera þar með veitingarekstur,“ segir

Bogi og bætir því við að þau hjónin hafi þurft að útfæra viðskiptahug-myndina með það í huga að svæðið í kringum húsið er friðaður fólkvangur vegna fuglalífsins í kring. „Þess vegna urðum við að búa eitt-hvað til sem leiddi ekki af sér mikla umferð í kringum fuglalífið og sýna staðnum tilhlýðilega virðingu. Rauði þráðurinn í gegnum alla uppgögginguna hefur verið að gera lítið en gera það vel.“

Hjónin hafa rekið matsal í sólstofu íbúðarhússins í yfir tvö ár og taka þar við litlum hópum en bara einum á kvöldi. „Við getum tekið við sex til tólf manna hópum með góðu móti og bjóðum upp á taflenskan mat. Nok sér um elda-mennskuna og leggur mikil upp á

því að maturinn sé bæði góður fyrir augað og magann en hún skreytir réttina á mjög skemmtilegan hátt. Auk þess fáum við sendar orchideur frá Taílandi í hverri viku til að hafa á borðunum í matsalnum.“

Næring fyrir líkama og sál


Auk þess að vera með veitingastaðinn hefur Bogi verið að útbúa taflenskt spa í útihúsinu sem stendur við hlið íbúðarhússins að Hliði. „Par er ég búinn að setja upp jurtagufubáð og heitan pott með sjó og þara. Gufan er leidd í gegnum pott sem inniheldur tuttugu austurlenskar jurtir og inn í gufuklefann. Jurtirnar í gufunni hreinsa eiturnefni úr líkamanum, auka blóðrásina í húðinni og stinna hana en einnig á þessi gufa að halda fólk í unglegra og vera sérstaklega góð fyrir kvenfólk,“ segir Bogi og útskýrir síðan innihald heita pottins. „Í pottinum er heitur sjór með þangi en sjór og salt draga í sig neikvæða orku. Þarinn er einstaklega góður fyrir exem og þurra húð og hár en þarinn inniheldur rosalega næringarríkar olífur.“ Til stóð að opna heilsulindina í ágústmánuði en því hefur verið frestað um sinn. „Ég kem til með að bjóða upp á hefðbundið taflenskt nudd, sem er þrýstipunktanudd þar sem farið er eftir orkulínum í líkamanum og notaðar teygjur úr jógræðum.“

Eftir hefðbundna nuddið tekur við jurtabakstrauð en farið er yfir liði og vöðva með heitum púða sem inniheldur tuttugu tegundir af jurtum,“ segir Bogi og bætir því við að hann muni einnig bjóða upp á ilmolíunudd og líkamsskrúbb. „Þetta er allt eftir þeiri spa-menningu sem hefur verið að þróast í Taílandi og Asíu og hefur verið mjög vinsæl undanfarna áratugi þó um mörg hundruð ára tæknir sé að ræða.“ Spa-aðstaðan er enn á reynslustigi á meðan Bogi lýkur við breytingarnar á húsinu en brátt verður hægt að njóta þess að leggjast í barann og láta jurtagufuna leika um líkamann.

Bogi og Nok kynntust árið 1988, þegar Bogi var við nám í Konunglega taflenska nuddskólanum, sem er starfræktur í klaustrí í gamla konungsgarðinum í Bangkok. Ári síðar giftu þau sig og flutti Nok til Íslands með syni sína two. Nok hefur mikla reynslu af taflenskri matargerð en hún starfaði við matreiðslu á virtu hótelí í Bangkok áður en hún flutti til Íslands. Sem barn og unglungur aðstoðaði hún móður sína í súpusóluvögnum hennar.



HEIMILISLEGT Veitingasalurinn er notalegur og heimilislegur en þar taka hjónin á móti sex til tólf manna hópum í mat á hverju kvöldi.



NUDDAÐSTAÐAN í einu herbergi útihússins hefur Bogi komið fyrir dýnum þar sem taflenska nuddið verður.

**2 fyrir 1 til
Alicante
28. sept.
frá kr. 23.990**

Allra síðustu 11 sætin

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólinna við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum. Allra síðustu sætin á frábæru tilboði.

Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt.

Gisting á Benidorm í boði ef óskað er.

kr. 23.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v.
2 fyrir 1 tilboð 28. september. Netverð á mann.

Heimsferðir
Háskólastofa Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1800 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

sigridurh@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Fjölbreytt nám

Námskeið við allra hæfi að hefjast á haustönn

Tölvu- og skrifstofunám

Sérlega viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólk í öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálftætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þáttakendur að geta unnið sjálftætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritinum, sem ritrarar eða í bókhaldi.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

Tölvugreinar:

Windows XP tölvugrunnar og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

Margmiðun:

PowerPoint glærkynningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

Persónuleg færni:

Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Enska, þjálfun í talmáli og ensk verslunarbréf.

Viðskiptagreinar:

Verslunarrekningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Kennsluaðferðir - „Learning by doing“

Mikið er lagt uppúr sampættingu kennslugreina til að nýta tímann sem best. Þannig eru t.d. PowerPoint glærkynningar sameinaðar tjáningu og framkomu ásamt sölutækninni, Word ritvinnslan að hluta til kennd á ensku ásamt ensku verslunarbréfnum, tollskýrslur að hluta til sameinaðar tölvubókhaldinu, verslunarrekningur og VSK útreikningar teknir saman svo eitthvað sé nefnt.

Framhaldsbjálfun í Excel í bókhaldshlutanum.
Að öðru leyti byggir kennslan á fyrilestrum og verklegum æfingum nemenda þar sem reynt er að líkja sem mest eftir rauveruleikanum.
Í bókhaldshlutanum er notað námsefni með rauverulegum fylgiskjólum í bókhaldsmöppu og eru þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Prifuðgáfa af bókhaldsforritinu fylgir.

Kennt er þrisvar í viku og er boðið uppá morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasiðu skólans.

Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga.
Verð: 199.000,-
Allar kennslubækur og námsgögn innifalín.

Hefst 6. september
í Reykjavík og
11. september
á Akureyri.

Boðið er upp á VISA
eða EURO
raðgreiðslur til allt
að 36 mánaða. Við
útvegum einnig
námslán, en þá þarf
að útvega einn
ábyrgðarmann.



Námskeið í september

Námskeið í september

Sjá námskrá skólans sem dreift var 24. ágúst.

Tölvu- og bókhaldsnám

200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun- og kvöldnámskeið.
Hefst 21. september í Reykjavík.

Tollskýrslugerð

21 std. Verð kr. 28.000,-
Hefst 12. september í Reykjavík og í október á Akureyri

Byrjandanámskeið

42 stundir. Verð kr. 32.900,- Morgun- og kvöldnámskeið.
Hefst 4. september í Reykjavík og 12. september á Akureyri.

Almennt tölvunám

63 stundir. Verð kr. 39.900,- Morgun- og kvöldnámskeið.
Hefst 5. september í Reykjavík.

ECDL – tölvunám

Allar „ECDL - TÖK“ greinarnar tekna fyrir. 100 stundir.
Verð kr. 75.000. Morgun- og kvöldnámskeið.
Hefst 21. september í Reykjavík og 11. september á Akureyri.

Vefsíðugerð – grunnur

42 stundir. Verð kr. 36.000,- Kvöldnámskeið.
Hefst 6. september í Reykjavík og 4. september á Akureyri.

MCP XP

60 stundir. Verð kr. 88.900,- (m. prófinu) Tvö kvöld í viku.
Hefst 19. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

MCSA

240 stundir. Verð kr. 266.000,- (m. 4 prófum) Tvö kvöld í viku.
Hefst 19. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

Fjölmíðun

Fyrir umgmenni. 15 stundir. Verð kr. 9.900,- Næsta námskeið hefst á Akureyri 12. september. Kennt er two daga í viku frá kl. 16 -18.

Grafisk hönnun

105 stundir. Verð kr. 116.000,- Hefst 5. september í Reykjavík og 25. september á Akureyri.

Önnur námskeið að hefjast

Stafrænar myndavélar, Photoshop grunnur, Photoshop ljósmyndun 1, Dreamweaver, Word, Excel, Bókhald I.

Eldri borgarar 60+

Byrjendur

30 stundir.
Verð kr. 19.500,- Kennt er two daga í viku frá kl 13 - 16.
Hefst 6. september
í Reykjavík og
11. september á Akureyri.

Framhald

30 stundir.
Verð kr. 19.500,- Kennt er two daga í viku frá kl 13 - 16.
Hefst 7. september
í Reykjavík og
12. september á Akureyri.



TÖLVUSKÓLINN
PEKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI
FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



Sjón er sögu ríkari!

Opið hús í Straumsvík í dag

Svæðið
verður opið
frá kl. 11.00
til 17.00

Í tilefni af 40 ára afmæli Alcan í Straumsvík verða dyrnar að álverinu opnaðar almenningi í dag sunnudag. Boðið verður upp á skoðunarferðir um álverið undir leiðsögn starfsmanna, skemmtun fyrir börn og fullorðna, menningu og fræðslu af ýmsum toga.



Kassabílarallí

Notaðu tækifærið og sjáðu hvernig álver lítur út!

► Opið frá 11.00 – 17.00 dagskrá í boði allan daginn:

- Leiðsögn um svæðið með rútum
- Véla og tækjasýning
- Myndlistarsýningin „Hin blíðu hraun í Straumsvík“
- Ökuleiknissýning
- Hoppukastalar
- Kassabílarallí og hlaup
- Lúðrasveit Hafnarfjarðar spilar



► Kl. 12.00, 13.00, 14.00, 15.00 og 16.00

- Möguleikhúsið sýnir leikverkið „Áslákur í álveri“



► Kl. 13.00 og 15.00

- Kynningar á umhverfismálum og mögulegri stækkun

► Kl. 12.30 og 14.30

- Gunni og Felix
- Óperukór Hafnarfjarðar
- Friðrik Ómar og Guðrún Gunnars

► Kaffihús og veitingar allan daginn

Leiksýningar,
lúðrasveit og
tónlistaratriði

Til að lágmarka umferð einkabíla verður boðið upp á rútuferðir til Straumsvíkur frá bílaplaní Fjarðarkaupa við Bæjarhraun í Hafnarfirði á hálftíma fresti.



Ef ég ætti óskastein...

Fátt er eftirsóknarverðara en frægðin í hugum margra og þess virði að leggja hér um bil allt í sölurnar fyrir hana. Frægðin er hins vegar fallvölt og það kostar ekki minni vinnu og hæfileika að halda sér í sviðsljósínu en komast í það. Margir eru kallaðir en fáir útvaldir. Fréttablaðið rýndi í hvernig síðastliðinn áratugur hefur skilið hafrana frá sauðnum í speglasal frægðarinnar.

Séð og heyrð

Páll Óskar Hjálmtýsson

Er stjarna í eðli sínu og tekst því altaf að halda sínu. Hann vakti fyrst verulega athygli þegar hann lék Dr. Frank-N-Furter í uppfærslu Leikfélags Menntaskólangs við Hamrahlið á söngleiknum Rocky Horror. Vegur hans óx upp frá því og hann hefur staðið af sér strauma og stefnur síðustu tíu ára enda er hann allt-að hann sjálfur, einlægur og opinskár. Hann hefur slegið í gegn sem dragg-drottning, söngvari, plötusnúður og útvarpsmaður. Hann lifði Euro-vision af enda er hann sannkallað kamelljón, breytir oft um stíl og útlit og virðist því aldrei ætla úr tísku. Þá verður framlag hans til réttindabaráttu samkynneigðra seint of metið en hann hefur í gegnum tíðina gert snarpar atlögur í stríði homma og lesbía við forðoma í samfélagini.

Hilmir Snær Guðnason

Fékk fastráningu við Þjóðleikhúsíð strax eftir útskrift úr Leiklistarskóla Íslands árið 1994 og hefur unnið ófáa leiksigrana á fjöldunum. Hann sló í gegn í söngleiknum Hárinu og hefur ekki fallið af stalli sem einn kynþokkafyllsti karlmaður landsins síðan þá. Hann hefur, rétt eins og Ingvar E. Sigurðsson, verið áberandi í kvíkmyndum og hefur reynt fyrir sér erlendis á þeim vettvangi. Hilmir Snær gerði nú síðast storm-andi lukku í einleiknum Ég er míni eigin kona sem var frumsýndur árið 2005 og gekk fyrir fullu húsi fram á vorið 2006.

Ingvar E. Sigurðsson

Hefur verið á stöðugri uppleið frá því að hann var fastráðinn við Þjóðleikhúsíð árið 1991. Hann hefur farið með ófá burðarhlutverkin hjá Þjóðleikhúsínu, slegið í gegn með Vesturporti, fyrst í loftfilm-leiknum Rómeó og Júlíu og nú síðast í titillhlutverkinu í Woyzeck sem sýnt hefur verið í Barbican-leikhúsínu í London. Auk afrekanna á leiksviðinu hefur hann verið einn fremsti kvíkmynda-leikari landsins síðasta áratuginn. Þá hefur hann fengið að spreytta sig í Hollywood og lék á móti Harrison Ford í kaf-bátamyndinni K-19. Þá var hann sterkelega orðaður við hlutverk mörðingjamunksins Silasar í The Da Vinci Code og hefur nýlokið við að leika sjálfan Erlend lög-regluforingja í Mýrinni sem byggir á sam-nefndri skáld-sögu Arnaldar Indriðasonar.

Baltasar Kormákur

Útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands 1990 og hefur verið viðloðandi Þjóðleikhúsíð síðan, bæði sem leikari og leikstjóri. Baltasar skaust upp á stjörnuhiminnum sem meiri háttar kyntákn eftir leik sinn í kvíkmyndinni Veggfóðri árið 1992 og kom í fram-haldinu við sögu í kvíkmyndum. Hann hefur á undanförmum árum látið leikinn mæta afgangi og hefur að mestu snúið sér að kvíkmyndaleikstjórn. Kvíkmyndirnar 101 Reykjavík, Hafið og A Little Trip to Heaven hafa vakið athygli heima og að heiman. Baltasar hefur nýlokið tökum á Mýrinni, sem miklar

vonir eru bundnar við, en öll tvímaeli hafa fyrir löngu verið tekin af um að hann er kominn til að vera.

Gunnar Hjálmarsson (Dr. Gunnar)

Hefur um langt árabil verið eitt helsta átorít í íslenskum rokk- og popp-fræðum. Hann hefur skrifao um tónlist í blöð lengur en yngstu menn muna og eftir hann liggur bókin Eru ekki allir í stuði? - Rokk á Íslandi á síðustu öld, sem er yfirgrípmikil saga íslenskrar rokktónlistar eins og nafnið gefur til kynna. Dr. Gunnar hefur gert garðinn fræg-an með hljómsveitnum S.H. Draumur, Bless og Unun en Unun var upp á sitt besta á síðustu árum nýliðinnar aldar og spilaði meðal annars á Hróarskeldu árið 1997. Dr. Gunnar hefur lengi verið viðloðandi útvarp og heldur enn úti vinsælum tónlistarþætti. Hann sló eftirminnilega í gegn með barnaplotunni Abbababb! fyrir nokkrum árum og vinnur nú að söngleik byggðum á henni. Þá er ónefndur tónlistar-spurningabátturinn

Popppunktur sem Gunnar sá um með Felix Bergsyni við miklar vinsældir á Skjá einum bannig að það er óhætt að segja að Doktorinn hafi haldið sjó og vel það síðasta áratuginn.

Logi Bergmann Eiðsson

Hóf feril sinn í ljós-vakamíðum fyrir margt löngu sem íþróttar-fréttamaður í afleysingum hjá RÚV, bæði í

útvarpi og sjónvarpi. Uppgangur hans innan stofnunarinnar var hraður og hann endaði sem aðstoðarfréttastjóri á fréttastofu Sjónvarps og var árum saman helsti fréttalesari Sjónvarpsins. Meðfram störfum á fréttastofunni haslaði Logi sér völl sem spryrrill í Gettu betur en kvaddi þetta að frekar sviplega í haust þegar hann söðlaði um og hóf störf á Stöð 2 og NFS. Hann er bó enn á kunnuglegum slóðum og les fréttir á NFS á sinn sjarmerandi hátt og stýrði í vetur spurningabættinum Meistararum sem þótti takast með ágætum. Logi er jafnan ofarlega á blaði á listum yfir kynþokkafyllstu karlmanni landsins og hann og eigin-kona hans, Svanhildur Hólm Vals-dóttir, eru mikið eftirlæti glanstímarita og slúðurblaða. Það virðist því enn langt í að Loga verði ytt úr sviðsljósínu og það er gott

dæmi um úthald hans að um fátt hefur verið meira rætt síðustu vikur en alskeggjöld sem hann hefur tekið upp á að skarta.

Emiliana Torrini

Vakti mikla athygli með hljómsveitinni Spoon í byrjun tíunda áratugarins og vegur hennar sem söngkonu óx jafnt og þétt. Hún hefur haft aðsetur í London um árabil og sinnir þar sólóferli sínum og það telst ætlið til tíðinda þegar hún kveður sér hljóðs.

Einar Bárðarson

Einar er réttnefndur umboðsmáður Íslands. Hann seldi ungar fót á Selfossi og samdi helstu smelli hljómsveitarinnar Skítamórala. Þegar hann kom í bæinn sneri hann sér að markaðsmálum af miklum mód og hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem umsvifamikill umboðsmáður og tónleikahaldari.

Flest það sem Einar snertir hefur til hneigingu til að verða að gulli og nægir að nefna Nylon-ævintýrið en hann virðist hardákvæðinn í að gera þessa stúlnasveit, sem er hugarfóstur hans, heimsfræga. Einar hefur einnig reynt að viðhalda vinsældum Idol-stjarna og er vægast sagt áberandi í íslensku skemmtana- og tónlistarlífi og virðist síður en svo vera á útleið. Það er lítið eftir af Skímó annað en minningin en Einar Bárðar er enn fremstur meðal jafningja.

Sjaldséð og fáheyrð

Jón Axel Ólafsson

Naut gríðarlegra vinsælda þegar hann stjórnaði morgunþættinum Tveir með öllu á Bylgjunni ásamt félaga sinum Gunnlaugi Helgasyni. Jón og Gulli léku á als oddi árum saman og hættu ekki fyrr en sí skoðun breiddist út að engum þætti þeir lengur fyrndir nema þeir sjálfir. Þeir félagar eru ókrýndir konungar auglýsingautvarpsins og voru manna duglegastir að gefa hlustendum sínum pitsur, bíómiða og ýmislegt annað lauslegt. Pó Tveir með öllu sér löngu þagnaðir hefur sporgöngufólk þeirra halddi uppteknum hætti og hlustendur geta enn sótt ýmislegt smálegt gullið í greipar útvarpsmannum. Gulli var á sínum tíma áberandi á mannamótum og í glanstímaritum og á það enn til að skjóta upp kollinum þótt hann hafi yfirgefið fjölmíðana og snúið sér að sölu fast-eigna.

Valdís Gunnarsdóttir

Átti sín gullaldarár á Bylgjunni á tíunda áratugnum þegar hún náiði mikilli lýðhylli með því að hefja ást, rómantík og Celine Dion til skýjanna. Kærleiksbod-skapur Valdísar hitti þjóðarsálina í mark og henni er jafnan eignaður heiðurinn af því að Valentínusardagurinn sé orðinn áberandi í íslensku almanaki en dagurinn er í daglegu tali nefndur Valdísardagurinn. Ferill Valdísar í útvarpi hefur verið brokkengur og hún hefur nokkrum sinnum hætt en jafnán snúið aftur. Hún sér nú um sunnudags-morgunþátt Bylgjunnar en nærun færri eyrum en hún gerði þegar hún var upp á sitt besta.

Þorgrímur Þráinsson

Knattspyrnuhetjan sem gerðist rithöfundur, leysti unglingabókahöfundana Andrés Indriðason og Eðvarð Ingólfsson af hólmi og ól íslenska æsku á tíunda áratugnum upp með bókum á borð við Bak við bláu augun og Tár, bros og takkaskór. Sala á nýrri verkum hans hefur verið dræmari en hún var þegar best létt og tilraunir hans til að ná til fullorðinna les-

„KANARÍEYJAR“

enda hafa ekki skilað viðunandi árangri. Árið 1996 var hann ráðinn framkvæmdastjóri Tóbaksvarna-ráðs og á meðan hann gegndi því starfi gekk hann vasklega fram gegn tóbaksnotkun og er ef til vill ekki síður þekktast í dag fyrir þau störf en bækur sínar, en heitir reykingamenn lögðu sig alla fram um að gera hann sem tortryggileg-astan í starfi sínu.

Kiddi í Hljómalind

Kiddi kanína, eins og hann var oftast kallaður, var einn afkastamesti tónleikahaldari landsins um miðjan tíunda áratuginn.

Hann flutti meðal annars inn hljómsveitir á borð við 808

State, Prodigy, Ash og Propellerheads og stóð fyrir útháttóðinn Uxa á Kirkju-bækjarklaustri árið 1995. Hann var einnig upphafsmáður færeysku bylgjunnar svokölluðu þegar Eivör Pálsdóttir, Clickhaze og fleiri fær-eyskar hljómsveitir léku hér á landi. Kiddi var þó þekktastur fyrir plötubúðina sína Hljómalind sem seldi mestmegin neðanjarðartónlist. Hljómalind byrjaði upphaflega í Kolaportinu en Kiddi færði fljótt- lega út kvíárnar

og opnaði verslunina í Austur-stræti. Seinna flutti hann búðina yfir á Laugaveg en eftir brösugt gengi lagði Hljómalind upp laupana og Kiddi flutti til Manchester á Englandi.

Móeður Júníusdóttir

Hafnaði í öðru sæti Söngkeppni framhaldsskólanna árið 1990 en Páll Óskar fylgdi henni eftir í briðja sætinu það ár. Hún gerði það síðar gott í dýrettum Bong sem hún og Eyþór Arnalds stofnuðu eftir að Eyþór yfir-gaf Todmobile. Hún reyndi svo fyrir sér ásamt bræðrum sínum Kristni og Guðlaugi í sveitinni Laze sem náiði sér aldrei almennilega á strik. Hún og Eyþór Arnalds voru á sínum tíma funheitt par og voru áberandi í skemmtanalífinu og á síðum Séð & Heyrt. Móeður stóð þétt við hlið Eyþórs þegar hann freistaði bess að komast í forystusveit Sjálfstæðisflokkssins fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2002 en eftir að þau skildu að skiptum hefur hún dregið sig út úr sviðsljósínu og leggur nú stund á guðfræðinám við HÍ.

Dóra Takefusa

Vakti mikla athygli fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Veggfóðri eftir Júlíus Kemp árið 1992 og nýtti sér sviðsljósíð vel. Hún var einn umsjónarmanna unglingsbáttarins Ó í

Sjónvarpinu og það var strax ljóst að hún átti heima fyrir framan myndavélina. Þegar Skjár einn náiði flugi kom Dóra víða við, stjórnaði Djúpu lauginni og spjall-báttum sem tengdust menningar- og dægurlífi. Þegar það fór að fjara fjárhagslega undan Skjánum og innlend dagskrágerð skrapp saman hvarf Dóra af vettvangi. Hún stofnaði í kjólfarið fyrirtækið Forever Entertainment ásamt Margréti Rós Gunnarsdóttur, stöllu sinni af Skjá einum, en þar sinna þær kynningarmálum og skipuleggja fundi og uppákomur fyrir viðskiptavini sína. Dóra er sem fyrr ákaflega glæsileg og vekur enn athygli hvar sem hún kemur þó að nokkuð sé liðið frá því að hún léti til sína taka í sjónvarpi.

Davíð Þór Jónsson

Hafnfirðingurinn kom, ásamt félögum sínum Steini Ármanni Magnússyni og Jakobi Bjarnari Grétarssyni, eins og ferskur stormsveipur inn á staðnaðan útvarpsmarkað með þáttunum Radíus, King Kong og Górrila. Hressileg og óhefluð framkoma beirra í útvarpi hitti í mark og þeir prengdu heldur betur að Tveimur með öllu enda settu þeir þætti sína ekki síst til höfuðs auglýsingautvarps-

mennskunni, sem var eitur í beirra beinum. Úr útvarpinu lá leiðin í Sjónvarp og Davíð og Steinn gerðu gríninnslög í Dagsljós Rfkissjónvarpsins og gerðu í framhaldinu gamanþættina Limbó sem fóru fyrir ofan garð og neðan hjá áhorfendum. Stóð 2 gaf þremmingunum svo tækifæri til að spreyyta sig á ný í sjónvarpi þegar Skjár einn kom til sögunnar. Þar var hann um stund hægri hönd Valgerðar Matthíasdóttur í Innlit/Útlit en fékk svo sinn eigin þátt, spurningabáttinn Íslendingar. Spurningarnar voru unnar upp úr Gallupkönnum og keppendur fengu stig í formi lukkutrölla. Þátturinn þótti málulega hallærilegur, átti ekki langa lífdaga og Fjalar sneri sér aftur að markaðs- og kynningarmálum. Svanhildur og Áslaug Dóra stigu einnig út úr sviðsljósínu en Áslaug sinnir nú menningarmálum hjá menntamálaráðuneytinu og Svanhildur er forstöðumaður Höfuðborgarstofu.

Sigurður Hlöðversson

Siggi Hlöð gerði garðinn frægan ásamt Bjarna Hauki Þórssyni í tónlistarmyndbanda-þættinum Popp og Kók á árum áður. Leið þeirra félaga lá síðan í útvarp þar sem þeir bulluðu af miklum móð við ágætis undirtektir, tíma-bundið í það minnsta, en eftirsprungin eftir félögum fjaraði spurst.

að lokum út. Sigurður gerði aðra atrennu að sviðsljósínu með sjónvarpsþættinum Með hausverk um helgar með Valla sport. Þar létu þeir félagar öllum illum láturnum, fífludust af miklum móð og gerðu mikði úr drykkjuskop og sukkri á djamminu. Þátturinn var umdeildur en vakti að sama skapi tals-verða athygli um stund en eftir-spurnir eftir bullinu fjaraði þó hratt út. Siggi Hlöð og Valli hurfu úr sviðsljósínu og einbeita sér nú að rekstri auglýsingastofunnar Hausverk.

Fjalar Sigurðsson, Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir og Svanhildur Konráðsdóttir

Skutust upp á fjölmíðla-stjörnuhiminni með Dagsljósi. Sjónvarpsins og urðu vel-komnir gestir í stofum lands-manna. Áslaug Dóra og Svanhildur voru aðsópsmíklar. Fjalar brilleraði sem harður og óvæginn spryll og þeir svitn-uðu margir viðmæl-endurnir sem lento í sófanum hjá honum. Það fór lítið fyrir Fjalar

eftir að Dagsljós- ið slökknadí og hann sneri sér að kynningarmálum. Hann fékk svo tækifæri til að spreyyta sig á ný í sjónvarpi þegar Skjár einn kom til sögunnar. Þar var hann um stund hægri hönd Valgerðar Matthíasdóttur í Innlit/Útlit en fékk svo sinn eigin þátt, spurningabáttinn Íslendingar. Spurningarnar voru unnar upp úr Gallupkönnum og keppendur fengu stig í formi lukkutrölla. Þátturinn þótti málulega hallærilegur, átti ekki langa lífdaga og Fjalar sneri sér aftur að markaðs- og kynningarmálum. Svanhildur og Áslaug Dóra stigu einnig út úr sviðsljósínu en Áslaug sinnir nú menningarmálum hjá menntamálaráðuneytinu og Svanhildur er forstöðumaður Höfuðborgarstofu.

Páll Banine

Var funheittur með hljómsveit sinni Bubbleflies, mikill kvennaljómi og tíður gestur á forsiðum tímarita. Hann lék árið 1997 í kvikmyndinni Blossi/810551 en með henni hugðist Júlíus Kemp fylgia eftir velgengni Veggfóðurs. Myndin náiði þó ekki að slá í gegn og fékk dræmar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda. Frægðarsól Páls

tók að síga eftir bloss-ann og hann sneri sér að námi og síðan bá hefur lítið til hans spurst.

Komin til að vera

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir

Er eldklár stelpa sem veit hvað hún vill og hefur tekist snilldarlega að not-færa sér athyglina sem fyldi því að vera kosin Ung-frú Ísland. Hún er eftirsótt auglýsingafyrirsæta og hefur látið til sína taka á leiksviði í söng-leiknum Fame og Kalla á þakinu. Þá hefur hún staðið vaktina í Kastljósi í vetrur, hefur nýlokið að leika í kvíkmyndinni Astrópi og kemur til greina í eitt hlutverkanna í Hostel 2, þannig að þetta er rétt að byrja hjá stúlkunni.



Andri Snær Magnason

Einn efnilegasti rithófundur landsins hefur verið á blússandi siglingu undanfarin ár. Barnabókin hans Blái hnötturinn hefur farið víða og gert það gott og ból hans Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð hefur rokselst og gert höfundinn að hálfgerði þjóðhetju þar sem hann deilir harkalega á virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka. Andri er því á fljúgandi siglingu og mun ná enn lengra.

Hugleikur Dagsson

Hefur vakið athygli fyrir frumlega hugsun og sérstaka framkomu og einfaldar ádeilumyndasögr hans hafa slegið svo hressilega í



gagn að hann er kominn med útgáfusamning við Penguin. Leikrit sem hann byggði á myndasögunum fékk Grímuverðlaunin í sumar og Hugleikur hefur sýnt það að hann er til alls líklegur og mun örugglega halda áfram að koma á óvart um ókomin ár.

Capone

Útvarpsmennirnir Andri Freyr Viðarsson og Búi Bendtsen hafa slegið hressilega í gegn með þættinum Capone á X-FM og hafa vakið bæði hneykslan og umtal. Þeir virðast eiga mikði inni enn og haldi þeir rétt á spöðunum gætu hér verið komnir fram arf-takar Radíusgengisins og Tvíhöfða sem eiga ekki eftir að segja sitt síðasta í útvarpi á næstu árum.



Nylon

Vandi er að spá fyrir um hver örlög stúlknesveitarinnar Nylon verða. Þær gætu hæglega verið blaðra sem er við það að springa en umboðsmaðurinn þeirra, Einar Bárðarson, er til alls líklegur og gæti hæglega tekist að halda þeim í umræð-unni um ókomna tíð og jafnvel komið þeim varan-lega á kortið úti í hinum stóra heimi.



Á útleið

Egill Gillzenegger

Pessi hressi einkajálfarí fékk sínar fimmtán mínutur af frægð með kjaftforum pistlum á vefnum Kallarnir.is og síðar í DV. Sjónvarpsstöðin Sirkus tók hann í framhaldinu upp á sína arma og Edda útgáfa gaf út bókina hans Biblú fallega fólkins. Allt þetta þykir fullmikið á einu ári og framboðið á Gillzenegger hefur óneitanlega verið meira en eftir-spurnir þannig að Gillzenegger mun líklega hverfa fljóttlega aftur alfaríð inn á líkamsræktarstöðvunar.



Silvía Nótt

Pessi bráðsniðuga og skrumskælda persóna sló hressilega í gegn með þáttum sínum á Skjá einum og heillaði þjóðina upp úr skónum þeir hún malaði forkeppni Sjón-varpsins um næsta Eurovisionlag. Ýktir



stælarnir í Silvía keyrðu þá fram úr hófi og brandarinn hætti að vera fydinn. Þá felli skuggi á glansmyndina þegar það kom á daginn í Eurovision að enginn utan Íslands fattaði brandarann. Silvía Nótt er þó ekki af baki dottin og með ýmislegt í pípunum en hún verður að koma með eitthvað nýtt eigi þessi brandari að öðlast framhaldslíf.

Birgitta Haukdal

Það hefur lítið farið fyrir þessu óskabarni íslensku þjóðarinnar og helstu og heilbrigðustu fyrirmynðar íslenskrar æsku.



Hún mátti lúta í lægra haldi fyrir Silvía Nótt í Eurovision-forkeppninni og Írafár hefur verið í löngu fríi en Birgitta hefur aðað ofan af fyrir sér með því að syngja með Stuðmönnum, einni elstu starfandi hljómsveit landsins. Hvort það er líf eftir Stuðmenn á svo alveg eftir að koma í ljós.

EÐA LÍKHÚSIÐ?

VILTU FINNA MILLJÓN

EFTIR RAY COONEY

BORGARLEIKHÚSIÐ

Svartsýnar konur & kátir karlar

Konur eru talsvert svart-sýnni en karlar á efna-hagshorfurnar. Þá eru þéttbýlingar bjartsýnni en landsbyggðarfólk. Þetta kemur fram í nýrri könnun Fréttablaðsins. Munur milli kynjanna er sígilt viðfangs-efti og hér er spurt hvort konur séu svartsýnni að eðlisfari eða að niðurstöður könnunarinnar leiði í ljós ábyrgðarleysi karla, nema hvoru tveggja sé.

Karlar eru talsvert bjartsýnni en konur á að efnahagur fjölskyldunnar fari batnandi á næsta ári. Reyndar telja konur að fremur muni halla

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR

Spurt var: Telur þú að efnahagur fjölskyldu þinnar batni, versni eða standi í stað næstu 12 mánuði?

	Batni	Versni	Eins	Alls
Karlar	25%	15%	60%	100%
Konur	17,3%	25,5%	57%	100%
Landsbyggð	18,3%	20,3%	61,5%	100%
Þéttbýli	22,8%	20,2%	57,8%	100%

undan fæti en hitt meðan karlar líta björtum augum til framtíðar. Þetta kemur fram í nýrri könnun Fréttablaðsins.

Í könnuninni var spurt: „Telur þú að efnahagur fjölskyldu þinnar batni, versni eða standi í stað næstu 12 mánuði?“ Hringt var í 800 manns og töku 95 prósent afstöðu. Könnunin má því heita vel marktæk. Greint var annars vegar á milli kynja og

svo búsetu: Landsbyggð/þéttbýli.

Í ljós kemur að tær 25 prósent karla telja að kjör fjölskyldu sinnar muni batna á komandi ári meðan 17 prósent kvenna telja að svo verði. 15 prósent karla telja að þau muni versna en 26 prósent kvenna eru beirrar skoðunar. Reyndar er meiri hluti aðspurðra beirrar skoðunar að kjörin muni standa í stað en sé aðeins litið til þeirra sem taka

afstöðu til batnandi eða versnandi kjara eru tölurnar afgerandi: 62 prósent karla telja kjörin batna en 56 prósent kvenna telja þau versna.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra valinkunna einstaklinga og spurði hvernig mætti leggja út af þessum niðurstöðum: Hvort verið geti að konur séu svartsýnni en karlar?

Vangaveltur viðmælenda eru athyglisverðar en þar koma meðal annars fram þær hugmyndir að konur séu varkárari, skynsamari, tilfinningarárkari og jafnvel óttaslegnari en karlarnir, sem eru miklum mun yktari í væntingum sínum: Jafnvel svo að gefa má þeim einkunna ábyrgðarlausir galgopar.

jakob@frettabladid.is

Séra Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur:

Óttinn á greiðari leið að konunni

„Er þetta ekki bara raunsæi?“ spyr séra Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur þegar henni eru kynntar niðurstöður könnunarinnar. Hún hefur reyndar sínar skýringar á þessum afdráttarlausu niðurstöðum.

„Eg hugsa að konur taki meira mark á því sem þær heyrar sagt í fréttum og allri þjóð-félagsumræðu. Og þar er stöðugt verið að hræða okkur og hóta því að allt sé að fara norður og niður. Eins og einhver undirliggjandi sátt sé um það að stöðugt eigi að hrella okkur. Fyrir ári fuglaflensan og nú er það verðbólgan. Alltaf er fundið eitthvað upp til að halda okkur í ótta. Þess vegna er svo mikilvægt að hafa kirkjuna að hjálpa okkur út úr svona fjötrum. Löngu breytt á því. Þetta er einhver aðferð til að halda þjóðinni niðri.“

Jóna Hrönn vill þó, að þessu sögðu, ekki kvitta undir að þar með megi segja að konur séu trúgjarnar en karlar.

„Neeeee, við erum svona miklar tilfinningaverur. Þessar stöðugu upplýsingar ná meiri tökum á sáarlífi kvenna. Uppeldis okkar vegna er auðveldara að nísta hjarta okkar með einhverjum tilfinningum. Í þessu tilfelli að óttast,“ segir Jóna Hrönn.

Karlarnir eiga að mati Jónu miklum mun auðveldara með að búa sér til varnir gegn uggvænlegum tíðindum. Hún vill meina að kynin geti ýmislegt hvort af öðru lert í þessum efnum en hún hefur meðal annars staðið fyrir hjónanámskeiðum. Jóna Hrönn nefnir dæmi af sjálfri sér en hún fer hvergi í grafgötur


með að hafa á tímabili verið nánast hugsjúk vegna stöðugra fregna af fuglaflensu.

„Dæmigert í þessu sambandi má heita að maðurinn minn hló þegar ég vildi fara að fylla kjallarann af þurmat vegna fuglaflensunnar.“

Og miðborgarpresturinn snjalli klykkir út með því að segja fulla ástæðu til að vera raunsa hvað efnahagsástandið varðar: „En við eignum ekki að fara af límingunum heldur vera skynsöm. Sýna aðhald í fjármálum – hvernig sem okkur nú gengur með það þessari gráðugu þjóð.“

Illustrátor: Ólafur Ólafsson

JÓNA HRÖNN
Konur láta óttann frekar ná tökum á sér en karlar.





ÖRN Ætli þetta sé ekki svipað og verið hefur.

Örn Clausen hæstaréttarlögmann Menn blott

„Já, nú skal ég segja þér sögu,“ sagði Örn Clausen hæstaréttarlögmaður eftir að hafa velt stuttlega fyrir sér því hvort eitthvað megi lesa úr niðurstöðum könnunarinnar sem hér um ræðir.

„Ég man eftir því að sjónvarpið fór alltaf í réttir á hvert hausti og spurði alltaf sömu spurningar: Hvað heldurðu að þú leggir mörg lömb inn í slátturhúsíð númer? Karlarnir óku sér en sögðu alltaf það sama: Ætli það verði ekki svipað



OGIN

aður:

a sig ekki

og í fyrra. Pössuðu sig á að blotta sig ekki. Ef þú skilur hvað ég er að segja? Engu líkara en sjónvarpað væri frá Skattvesenet eins og það er orðað í Skandinavíu.“

Örn segist engu geta svarað þegar hann er spurður hvort hann telji konur svartsýnni en karla. Segir bara eins og karlarnir í réttunum forðum: „Ætli það sé ekki svipað og verið hefur.“

„Konan míin er ekki svartsýn. Hún er að tala um að bjóða mér út til New York. Að hún eigi einhverja punkta inni. Maður lætur sig nú hafa ýmislegt. Ætli ég geri það ekki fyrir þig, sagði ég á endanum. Í lok október. En lengra fer ég nú ekki. Og helst ekki lengra en á Langanes.“

Mikael Torfason, ritstjóri og rithöfundur:

Karlinn ábyrgðarlaus galgopi

„Ég veit í það minnsta að markaðsstjórar og auglýsingasölmenn þeir sem maður hefur talað við í gegnum tíðina segja að konur séu innkaupastjórar heimilanna. Standist það gefur augaleið að þær hljóta að hitta naglann á höfuðið, heimur versnandi fer og allt er að fara til fjandans,“ segir Mikael Torfason-spurður hvað megi lesa úr niðurstöðum pessarar könnunar.

Mikael vitnar sem fyrr í markaðsmennina, sem segja að konurnar haldi um budduna.

„Samkvæmt því er þetta raunsæi kvenna fremur en meðfædd svartsýni. Konur eru miklu ábyrgari og vilja áætla varlega um framtíð-

ina. Í framhaldi af því má líklega heimfæra ofurskuldir heimilanna á karlanna - að þeirra sé ábyrgðin þar. Nei, þetta hljómar síður sem svartsýni heldur miklu fremur má úr bessu lesa að einmitt svona eigi menn að hugsa: Vona það besta en búast við því versta.“

Mikael telur fráleitt að álykta út frá þessu sem svo að konur séu þunglyndari að eðlisfari. „Nei, það held ég ekki. Í öllum íslenskum bókmennum, og býr bar meira að baki en einskær skáldskapur, er karlinn ábyrgðarlaus galgopi. Þannig lýsa merkustu rithöfundar þjóðarinnar karlinum. Og hafa sitthvað til síns málss.“

MIKAEL
Konur eru ábyrgari en karlar sem eru galgopar.



Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeilda Landsbankans:

Karlarnir yktari í væntingum sínum

„Mér sýnist að þessar niðurstöður staðfesti að konur eru almennt varkárari en karlar og það á einnig við um sýn á framtíðina. Þetta kemur einnig skýrt fram í mánaðarlegri væntingavísítölu Gallup, en allt frá því mælingar hófust vorið 2001 hafa karlar verið tóluvert bjartsýnni en konur,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeilda Landsbankans.

Fréttablaðið bar niðurstöður könnunarinnar undir Eddu Rós, sem skoðaði þær með tilliti til væntingavísítölu Gallups.

Ein skýringin á því að karlarnir horfa fremur til himins kann að vera sú, að mati Eddu Rósar, að uppsveifla síðustu ára hefur fyrst og fremst verið í atvinnugreinum þar sem karlar eru áberandi, til dæmis í byggingaframkvæmdum og á fjármálamörkuðum.

„Ég held þó að einnig verði að leita skýringa í sálfræði, verkaskiptingu á heimilum og þeirri staðreynd að fleiri einhleypar konur eru með börn á framfæri en karlar. Það er athyglisvert að mælingar Gallup í gegnum tíðina sýna að viðhorf karla og kvenna hreyfast að mestu í takt. Þegar bjartsýni eykst meðal kvenna þá eykst hún einnig hjá körlum, bara miklu meira. Sama á við þegar bjartsýni minnkar. Prátt fyrir að karlar séu mun bjartsýnni en konur í dag, þá var munurinn á viðhorfum kynjanna mun meiri um síðustu áramót þegar bjartsýni var í hámarki.“

EDDA RÓS Konur eru almennt varkárari en karlar.





Á tilboði í september



3.982 kr.

Hvítur sápuskammtari Foam



1.865 kr.

Hvitt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur



1.865 kr.

Rekstravörur

- vinna með þér



Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Arngrímur Þorgrímsson
Sölstjóri hjá RV

TUNCLUB RV615C

Súpersól til
Búlgaríu
í september
frá **kr. 29.900.**

Síðustu sætin

Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá íslendingum í sumar. Terra Nova býður nú sumarauka á þessum einstaka stað á frábæru tilboði sem býður þín með frábæra strönd, einstak loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt nætur líf. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gisti.

Kr. 29.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í viku 14. eða 21. september. Brottför 7. sept. kostar kr. 5.000 aukalega.



Skógarhlíð 1B – 105 Reykjavík • sími 591 0000
Akureyri • sími 461 1099 • Hafnarfjörður • sími 510 9500
www.terranova.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hrингja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000



Esjan viðinsæl sem aldrei fyrr

Undanfarin ár hefur verið mikil vakning meðal landans um almenna heilsu- og líkamsrækt. Samhliða þessari vakningu hefur Esjan lokkað til sín æ fleiri göngugarpa á hverju ári. Margir segjast jafnvel hitta fleiri á leið upp Esjuna en á Laugaveginum í Reykjavík á góðviðrisdegi.

Jón Kristjánsson, alþingismaður

Besta útsýnið yfir borgina

Jón Kristjánsson segir það svakalega finan göngutúr og góða æfingu að fara á Esjuna. „Ég er einu sinni búinn að fara á toppinn í sumar og prófaði þá þennan nýja útbúnað, keðjurnar og tröppurnar sem búið er að setja upp framan á Þverfellshorninu,“ segir Jón og bætir því við að hann hafi verið mikið fyrir austan í sumar og því ekki komist oft á Esjuna. „Síðustu helgi gekk ég ekki nema upp að Steini en þetta er mátagleg áreyrsla og feikilega góð æfing. Það er til fyrirmynadar að það er búið að merkja leiðina vel með skiltum og fleiru og laga þetta heilmikið til.“ Jón er afskaplega hrifinn af útsýninu af Esjunnri og segir ekki nauðsynlegt að ganga alla leið á toppinn til að fá góða yfirsýn yfir suðvesturhornið. „Það er feikilega

skemmtilegt að ganga þarna í góðu veðri og njóta útsýnisins yfir Reykjavík, eyjarnar og sundin. Það er óvís eins fallgeit að horfa á borgina og af Esjunnri,“ segir Jón og bætir því við að oft sé mikil umferð um Esjuna. „Máður hittir margt fólk á göngunni en það er yfirlítt létt yfir mönnum og þeir bjóða góðan daginn. Þetta er fint ef menn eru félagslyndir enda eru stundum svo margir að það er varla hægt að fá bílastæði við fjallsræturnar eins og var um síðustu helgi,“ segir Jón Kristjánsson alþingismaður.

MERKINGARNAR TIL FYRIRMYNDAR
Jón er ánægður með merkingarnar, keðjurnar og tröppurnar sem hafa verið settar upp í hlíðum Esjunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands

Allt að tíubúsund manns á hverju sumri

Esjan hefur verið eitt vinsælasta útvistarvæði Reykjavíkur og nágrennis um langt skeið en líklega hefur hún aldrei verið vinsælli en nú í sumar. Páll Guðmundsson er framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands og segir hann milli átta- og tíubúsund manns ganga á Þverfellshorn á hverju sumri. „Það hefur verið gestabók á toppnum í mörg ár og sjáum við þar hve margir fara upp í viku hverri. Margir setja það á dagskrá hjá sér að ganga til dæmis einu sinni í viku og sumir oftar, jafnvel daglega. Margir nota Esjuna sem mælikvarða fyrir aðrar ferðir en það er talað um að ef menn geti farið upp á einni klukkustund séu þeir í nógum góðu formi til að takast á við erfiðari fjöll,“ segir Páll og bætir því við að algengara sé að fólk fari upp og niður aftur á tveimur og hálfum til premur tímum.

Í sumar hefur Ferðafélagið unnið að því að setja keðjur og tröppur í klettana efst í fjallinu, auk þess sem stígarnir hafa verið lagaðir í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. „Það sem er svo gott við Esjuna er náttúrlega fyrst og fremst útiveran, frábært útsýni og að fá ferskt loft í lungun. Það er alveg frábær líkamsrækt að ganga á fjöll og heilmikil brennsla þannig að fyrir þá sem vilja losa sig við aukaklöin er þetta alveg kjörin leið til þess,“ segir Páll en algengast er að ganga



ESJAN ER GÓÐUR MÆLIKVARÐI Páll segir Esjuna gjarnan vera notaða sem mælikvarða á hversu góðu formi fólk er í og þá hvort menn séu tilbúin í lengri og erfiðari göngur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

frá Móglisá upp á Þverfellshorn. Gönguleiðir á Esjunnri eru þó allt að tuttugu talsins og hafa verið merktar smátt og smátt í gegnum tíðina. „Í sumar erum við með happdrætti meðal allra þeirra sem skrifa í gestabókina á Þverfellshorni. Það eru veglegir gönguskór í vinning þannig að fólk ætti endilega að kvitta fyrir sig ef það fer á toppinn.“

Margrét Eir Hjartardóttir, söngkona

Keppir við sjálfa sig



Söngkonan Margrét Eir er dugleg í fjallgöngum og hefur gengið fjórum sinnum á Esjuna í sumar. „Mér finnst voðalega gott að fara þangað og að minnsta kosti eftir að fara einu sinni enn í sumar. Vinkona míni er búin að panta að koma með mér og ætli ég hlyði ekki þeirri skipun,“ segir Margrét hress og kát en hún er komin í hörkuform, sem sannaðist þegar hún hljóp í Reykjavíkurmáraþoni Glitnis á Menningarnótt. „Ég er rosalega ánægð með mig því ég hljóp tíu kílómetrana á klukkutíma.“ Margrét segist oft fara ein á Esjuna enda sé vinahópurinn hennar ekki beinlinis samsettur af miklum göngugörpum. „Ég hendi stundum gönguskónum í bílinn og keyri upp að Esju, til dæmis á sunnudagsmorgnum. Það tekur mig rúma tvö tíma að fara upp á topp og niður aftur. Oft ætla ég að rölt að rólegheitunum upp en þegar ég er komin af stað fer ég alltaf í einhverja brjálaða tímatökvi við sjálfa mig,“ segir Margrét og hlær. „Ég hitti alltaf margt fólk á leiðinni en það er alveg sama á hvaða tíma ég fer, það er alltaf fullt af fólk þarna enda er Esja svo aðgengileg. Það eru ekki nema þrjú ár síðan ég fór í fyrsta sinn á Esjuna. Þá ætlaði ég að fara á Hvannadalshnúk og fór í hverri viku á Esjuna til að æfa mig fyrir það. Það var reyndar aldrei farið á Hnjúkinn þar sem það viðraði aldrei nógum vel til þess, en ég komst þó að minnsta kosti í ágætis form,“ segir söngkonan síkáta.

HITTIR MARGA Margrét Eir er ánægð með hvað hún hittir alltaf marga sem hún þekkir þegar hún gengur á Esjuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

allt atvinnna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

► Með skilningi á þörfum fólks, aluð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið prefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinssælasta bílaumbod landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 150 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu,

Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkranar, Pirelli og Nokian hjólbárðar.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur
er til 15. sept. n.k.

Vélvirki eða vélstjóri

Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar leitar að fagmönnum til starfa við viðgerðir á Volvo Penta bátavélu

Stutt lýsing á starfi

- Bilanagnreining á Volvo Penta bátavélu ásamt Volvo vinnuvélu
- Viðgerðir á Volvo Penta bátavélu ásamt Volvo vinnuvélu

Hæfniskröfur

- Menntun: Vélvirki, vélstjóri og/eða nemi, nokkuð langt kominn í námi
- Grunnþekking í tölvum
- Góð enskukunnáttu
- Gilt bílpróf - vinnuvélaréttindi og meirapróf æskilegt

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 8:00-17:15 mánuðaga til fimmtudaga og frá 8:00-16:15 föstudaga.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sækju um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannahald Brimborgar í sínum 515-7088/7188.

Umsóknarfrestur er til 15. september 2006.

Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.



Öruggur staður til að vera á



Atvinnutækjaverkstaði okkar þjónustar gríðarsterk vörumerki eins og Volvo vörubifreiðar, Volvo vinnuvélar og Volvo Penta bátavélar. Í Brimborg er glæsileg sturtu- og búningaaðstaða. Mötnueyti Brimborgar eru hrein og snyrtileg. Mikilvægi stöðugrar símenntunar vefst ekki fyrir okkur til að viðhalda- og auka tæknipekkingu. Glettið og skemmtilegt starfsfolk sem býr yfir mikilvægri bekkingu og er tilbúið til að miðla til þín. Nú er tækifærið - við biðum eftir þér.

VOLVO **CITROËN** **DAIHATSU** **VOLVO PENTA**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 - 8, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

Störf í boði

- Iðn-/tæknifræðingur – Sölu- og markaðsstjórnun
- Íslandslyftur – Verkefnastjórnun
- Byggingastjóri í Borgarnesi
- Verkfraðistofa – Verkeftirlit
- Öryggisfyrirtæki – Farandgæsla
- Sæþór ehf. – Starfsmaður á gröfu
- RB Rúm – Sölu- og afgreiðslustarf

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu Ráðningaráþjónustunnar www.radning.is. Áhugasamir eru beðnir um að fylla þar út umsókn og sækja um viðkomandi störf. Stöðugt bætast við ný störf svo allir í atvinnuleit eru hvattir til að leggja inn almenna umsókn.



RÁÐNINGAR
PJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

www.radning.is

Krókháls 5 a • Sími 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



KÓPAVOGSBÆR

Frá Salaskóla

Ertu 30+

- Hentar þér að vinna frá 13-17 ?
- Hentar þér að vera í fríi á kvöldin og um helgar ?
- Hentar þér að vinna í skapandi umhverfi ?
